allt

**ÞÓR TULINIUS**

*Hugleiðsla besta heilsuræktin*

• heilsa • brúðkaup

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**SIGUR RÓS**

*Varla veikan blett að finna á Takk*

**FRAMÚRSKARANDI PLATA**

**UMFJÖLLUN 28**



**STRÁKARNIR**

*Hrekkja fræga Íslendinga að hætti Punk'd*

**JÓNSI VERÐUR FYRSTA FÓRNARLAMBIÐ**

**FÓLK 34**



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

13. september 2005 - 246. tölublað – 5. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Ummæli Heimis fá viðbrögð



Ólafur Kristjánsson, þjálfari Framara, vísar ummælum Heimis Guðjónssonar, fyrirliða Íslandsmeistara FH, til föðurhúsanna. Heimir vildi meina að Framarar hefðu talað niður til FH-inga.

**ÍÞRÓTTIR 24**

### Barinn er brýnn



Bókmenntahátíð setur sterkan svip á menningarlíf borgarinnar um þessar mundir. Susanne Thorpe hefur veg og vanda af því að hafa ofan fyrir rithöfundunum milli anna.

**TILVERAN 14**

### Sandhlaup og svaka átök



Arnar Már Jóhannsson skemmti sér vel við gerð Flags of Our Fathers enda var stemningin í herdeildinni hans góð.

**FÓLK 34**

## VEÐRIÐ Í DAG




**LEIÐINDAVEÐUR Í DAG**

Stíf norðlæg átt. Talsverð rigning á austurhelmingi landsins, annars úrkomulítið. Hiti 4-13 stig, hlýjast sunnan til. Veður fer hægt kólnandi.

**VEÐUR 4**

**LESTUR MEÐAL KVENNA 25–45 ÁRA**

**Heilsan er dýrmæt**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í ágúst 2005.

# Verðbólgan rýkur upp

**Verðbólgan hefur hækkað mjög að undanförnu. Alþýðusambandið segir kaupmátt launa hafa rýrnað en Samtök atvinnulífsins segja hann of háan. Líklegt er að kjarasamningar verði endurskoðaðir í nóvember vegna verðbólgunnar.**

**KJARAMÁL** Verðbólga hefur ekki verið jafn há og nú síðan í júní 2001. Hún mælist 4,8 prósent, sem er langt umfram verðbólgumarkmið Seðlabankans. Samkvæmt ákvæðum í kjarasamningum frá því í fyrra má því endurskoða samninga í nóvember.

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, segir kaupmátt launa hafa rýrnað. „Á liðnum tólf mánuðum hefur þorri launþega á almennum vinnumarkaði verið að fá þriggja prósenta launahækkun en á sama tíma hefur verðbólgan verið 4,8 prósent,“ segir Ólafur Darri.

Aðspurður hvort hann óttist að verðbólga muni hækka, verði laun hækkuð við endurskoðun kjarasamninga, telur hann að svo þurfi ekki að vera. „Það sem skiptir máli er að við erum að reyna að tryggja að kaupmáttur launa aukist með því að semja um kaupmáttaraukningu. Við erum ekki endilega að tala um krónutölu eða prósentutölu heldur skiptir það sköpum hvernig hagstjórn verður háttað,“ segir hann.

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að nefnd skipuð tveimur fulltrúum frá SA og tveimur frá ASÍ muni reyna að komast að samkomulagi um breytingar á kjarasamningum í ljósi verðbólguákvæðisins. Ef samkomulag næst ekki má segja samningum upp. Ákvæðið tekur gildi í nóvember.

„Það er í raun og veru mjög mikilvægt verkefni að reyna að halda sem mestum stöðugleika og valda sem minnstri óvissu og titringi í kringum þessi mál. Kaupmáttur í landinu er í raun og veru of hár, sem kemur fram í þessum mikla viðskiptahalla og miklum innflutningi alls kyns neysluvarnings. Það getur ekki verið þjóðhagslega mikilvægt verkefni að auka kaupmátt. Það er ef til vill verkefni að varðveita hann eins mikið og kostur er,“ segir Hannes. **- sda**

**Sjá síðu 4 o g 21**



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**KOSNINGAVAKA Í NORSKA SENDIRÁÐINU Í REYKJAVÍK Í GÆRKVÖLDI** Mikil spenna ríkti meðal gesta þegar fyrstu tölur tóku að berast. Fremstur situr Svein Ludvigsen sjávarútvegsráðherra. Ljóst er að bandalag vinstriflokka hefur náð meirihluta þingsæta. **- sjá síðu 6**

Íslenska ríkið borgar laun fyrir Bandaríkjaher:

# Skuldin nemur tæpum sex milljónum

**LAUNAMÁL** Bandaríkin skulda Íslandi rúmar 5,6 milljónir króna vegna launagreiðslna til íslenskra starfsmanna hersins á Keflavíkurflugvelli og fer upphæðin hækkandi með hverjum mánuði sem líður.

Í fyrrasumar féll dómur í máli Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur vegna vanefnda á greiðslu starfsmenntaálags til starfsmanns, en að auki höfðu umsamdar launaskriðshækkanir ekki skilað sér til starfsfólks. Frá því var greint að herinn væri bundinn af ákveðnu hámarksþaki í launagreiðslum, auk ákvæða í lögum um að launahækkanir hjá hernum mættu ekki vera hraðari en hækkanir hjá opinberum starfsmönnum hér. Því tók ríkið að hlaupa undir bagga með hernum og greiðir það sem upp á vantar að laun séu í samræmi við ákvarðanir kaupskrárnefndar. „Heildarupphæðin er nú 5.629.856 krónur, en þetta er út af 26 einstaklingum,“ segir Bjarni Vestmann, sendifulltrúi á varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Hann segir málið til skoðunar hjá stjórnvöldum ytra. „Við bíðum bara eftir svari,“ segir hann, en útilokar þó ekki að tímabært fari að verða að ítreka kröfur ríkisins. **- óká**



FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**ATHAFNASVÆÐI VARNARLIÐSINS**
Kröfur íslenska ríkisins á hendur Bandaríkjastjórn nema nú tæpum sex milljónum króna, en ríkið greiðir það sem vantar á launagreiðslur hersins til íslenskra starfsmanna.



**BUSH OG BROWN** Bush hrósaði Brown í fyrstu fyrir hjálparstarfið. Nú hefur Brown sagt af sér vegna gagnrýni á störf hans.

Flóðasvæðin í Bandaríkjunum:

## Fimm hundruð lík hafa fundist

**BANDARÍKIN, AP** Michael Brown, yfirmaður almannavarna í Bandaríkjunum, sagði af sér í gær. Ákvörðun Browns kemur ekki á óvart. Hann hefur sætt harðri gagnrýni fyrir lélegt skipulag hjálparstarfs á flóðasvæðunum í suðurhluta landsins og á föstudaginn var hann látinn hætta sem yfirmaður aðgerða á vettvangi.

Björgunarsveitir fundu 45 lík á sjúkrahúsi í New Orleans í gær og hafa því alls fundist 506 lík á hamfarasvæðunum. Miklu fleiri er saknað.

George W. Bush Bandaríkjaforseti fór til New Orleans í gær til að skoða aðstæður. Hann neitaði því að kynþáttamunur hefði átt nokkurn þátt í því að fólk skyldi í stórum stíl hafa verið skilið eftir innlyksa í kjölfar fellibylsins Katrínar.

„Fellibylurinn fór ekki í manngreinarálit og það gerðu þeir sem unnu að björgunarstörfum ekki heldur,“ sagði Bush. ■

Mannekla á leikskólum:

## Höfðað til atvinnulausra

**LEIKSKÓLAMÁL** Reyna á að finna leið til að fá fólk sem er á atvinnuleysisskrá til að ráða sig í vinnu hjá leikskólum borgarinnar, að sögn Stefáns Jóns Hafstein, formanns menntaráðs borgarinnar.

Fundur verður haldinn í menntaráði í dag þar sem farið verður yfir stöðuna sem upp er komin vegna manneklu á leikskólum. Stefán Jón segir að rætt verði um ráðningar sem og það hvernig beri að útfæra þá aukafjárveitingu sem borgarráð samþykkti í síðustu viku að veita til málaflokksins. **- jse**

Eurovision í Sjónvarpinu:

## Mikið lagt í forkeppnina

**SÖNGVAKEPPNIN** Sjónvarpið stefnir að því að 24 lög taki þátt í forkeppni fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva á næsta ári.

Jóhanna Jóhannsdóttir, aðstoðardeildarstjóri í innlendri dagskrárdeild hjá Ríkisútvarpinu, segir ekki fullmótað með hvaða hætti keppnin verði.

„Við höfum mest verið með fimmtán lög en erum að skoða að halda stærri keppni. Það er meðal annars vegna þess að á næsta ári á Sjónvarpið fjörutíu ára afmæli.“

Jóhanna segir öll lögin verða flutt á íslensku í forkeppninni. Höfundar vinningslagsins velji síðan á hvaða tungumáli lagið verði sungið í keppninni í Aþenu. **- gag**



## SPURNING DAGSINS

*Sæunn, er þetta orðið fullt starf?*

„Bara fyrir þær sem vinna.“

Sæunn Ólafsdóttir hefur skrifað bók um sögu fegurðarsamkeppna á Íslandi. Hún segir það meiri vinnu fyrir konur að vera fallegar nú á tímum en áður.

Manns er enn saknað eftir að bátur fórst við Skarfasker á laugardag:

# Leit heldur áfram í dag

**SJÓSLYS** Leitin að Friðrik Ásgeiri Hermannsyni sem saknað er eftir sjóslysið á Skarfaskeri á laugardaginn bar ekki árangur í gær.

Vegna veðurs var ekki hægt að leita á sjó fyrr en undir kvöld. Þá fóru bátar Slysavarnafélagsins Landsbjargar með neðansjávarmyndavélar út á Viðeyjarsund og aðstandendur gengu strandlengjuna. Áfram verður leitað í dag.

Hafi leitin ekki borið árangur fyrir helgi fer fram stórleit, að sögn Jónasar Hallssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns.

Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn segir rannsókn á slysinu komna í fullan gang, en hún er á forræði rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík. „Rannsóknin miðar að því að upplýsa öll atvik og aðdraganda og eftirmála, en meira er svo sem ekki um það að segja í bili,“ segir hann og bætir við að í lok rannsóknar muni liggja fyrir allar tímasetningar á símtölum í Neyðarlínu, útköll og aðrir hlutir tengdir slysinu. Hann býst við að síðar í vikunni verði komin betri mynd á atburðarás tengda slysinu og viðbrögð við því. - óká



**AÐSTANDENDUR LEITA VIÐ STRANDLENGJUNA** Vinir og ættingjar Friðriks Ásgeirs Hermannssonar sem enn er saknað.

Maður fluttur á Sogn:

## Ósakhæfur áfrýjar dómi

**DÓMSTÓLAR** Tekin hefur verið ákvörðun um að áfrýja til Hæstaréttar nýföllnum dómi þar sem maður var fundinn ósakhæfur og sendur á Sogn, eftir að hafa ráðist á prófessor í réttarlæknisfræði í vor.

Að sögn Sveins Andra Sveinssonar, lögfræðings mannsins, verður erindi um þetta komið til ríkissaksóknara á næstu dögum. Hann býst við dómi Hæstaréttar í málinu einhvern tímann eftir áramót.

Geðlæknar sem vitni báru í héraðsdómi töldu manninn hættulegan öðrum sökum veruleikabrenglunar, en hann taldi prófessorinn eiga þátt í samsæri um að falsa niðurstöður faðernisprófs. - óká

Úkraínsk stjórnmál:

## Tymosjenkó sigurstrangleg

**ÚKRAÍNA, AP** Júlía Tymosjenko, fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu, sagði í gær að Viktor Jústsjenkó forseti hefði verið farinn að óttast vaxandi vinsældir hennar er hann tók í síðustu viku ákvörðun um að reka ríkisstjórnina sem hún fór fyrir. Í samtali við AP-fréttastofuna spáði hún því að sú stjórnmálafylking sem hún mun fara fyrir í þingkosningum sem fram fara í landinu í mars myndi vinna sannfærandi sigur.



**JÚLÍA TYMOSJENKÓ**

Tymosjenkó og Jústsjenkó voru sem tvíeyki í forystu fyrir „appelsínugula byltingu“ úkraínskra lýðræðissinna í vetur sem leið. ■

Andlát:

## Bessi Bjarnason látinn

Bessi Bjarnason leikari lést í gær, 75 ára að aldri.

Bessi fæddist 5. september árið 1930 í Reykjavík. Hann lauk prófi frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins árið 1952 og var lengst af fastráðinn við Þjóðleikhúsið. Bessi lék á þriðja hundrað hlutverka um ævina, á sviði, í kvikmyndum og í útvarpi, og tókst bæði á við dramatík og gamanleik. Hann var heiðursfélagi í Félagi íslenska leikara.



**BESSI BJARNASON**

Eftirlifandi eiginkona Bessa er Margrét Guðmundsdóttir. ■

# Fleiri fá að dreifa enska boltanum

**Ekki má dreifa sjónvarpstöðinni Enska boltanum eingöngu í gegnum fjarskiptakerfi Símans. Sjónvarpsstjóri stöðva Íslenska sjónvarpsfélagsins segir úrskurð Samkeppniseftirlitsins dauðadóm yfir áskriftarsjónvarpi félagsins.**

**NEYTENDUR** Samkeppniseftirlitið hefur úrskurðað til bráðabirgða að Síminn hafi ekki einkarétt á að dreifa enska boltanum á netinu og Breiðbandinu.

Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri stöðva Íslenska sjónvarpsfélagsins, segir fyrirtækið hafa verið svikið. Samkeppnisstofnun, fyrirrennari Samkeppniseftirlitsins, hafi leyft samruna Skjás eins og Símans. Í kjölfarið hafi það farið í milljarða fjárfestingu að áskriftarsjónvarpi í gegnum fjarskiptakerfin, sem nú sé til einskis.

Í bráðabirgðaúrskurði Samkeppniseftirlitsins segir hins vegar að Íslenska sjónvarpsfélaginu hafi verið veitt tækifæri til að festa rætur á áskriftarsjónvarpsmarkaði með því að áskriftastöð þess yrði einungis dreift með myndlykli frá fyrirtækinu til næstu tveggja ára. Sú ákvörðun veiti Símanum hins vegar ekki einkarétt á að dreifa Enska boltanum um dreifikerfi sín; Breiðbandið og um ADSL-kerfi. Á það hafi verið bent í bréfaskriftum. Símanum sé skylt að leyfa öðrum fyrirtækjum að dreifa efninu í gegnum sín kerfi uppfylli þau málefnalegar kröfur, til að mynda gæðakröfur.

Magnús segir úrskurðinn virðast vera dauðadóm yfir áskriftarsjónvarpi Íslenska sjónvarpsfélagsins: „Samkeppniseftirlitið einblínir á fjarskiptamarkað en lætur sig engu varða hver staðan er á áskriftarsjónvarpsmarkaði,“ segir Magnús. Úrskurðurinn tryggi 365 ljósvakamiðlum stórkostlega yfirburði á því sviði.

„Ég sé þetta ekkert öðruvísi en svik við félagið í vor þegar samið var samhliða um sameiningu félaganna 365 og Og Vodafone annars vegar og Símans og Íslenska sjónvarpsfélagsins hins vegar. Þá hafði Samkeppnisstofnun skilning á því að við værum dvergar á áskriftarsjónvarpsmarkaði en það sjónarmið virðist algerlega gleymt.“

Magnús segir nýja eigendur Símans hafa keypt hann í trú um að Enska boltanum yrði aðeins dreift hjá fyrirtækinu til ársins 2007: „Ég get ekki ímyndað mér annað en eigendurnir óski eftir skaðabótum í þessu máli.“

Erlendur Hjaltason fer fyrir nýjum eigendum Símans: „Engin ákvörðun verður tekin fyrr en ný stjórn hefur komið saman.“ Stjórnin verður kosin á laugardaginn.

gag@frettabladid.is



**ERLENDUR HJALTASON** Fer fyrir nýjum eigendum Símans.



**MAGNÚS RAGNARSSON** Sjónvarpsstjóri Skjás eins.




**LEIKMENN ENSKA LIÐSINS CHELSEA** Hér er Eiður Smári Guðjohnsen milli félaga sinna í Chelsea. Liðið er á toppi ensku úrvalsdeildarinnar.

MYND/AP



**UMMERKI ÓSPEKTA** Vegfarandi í hverfi mótmælenda í Belfast gengur um vettvang óeirða helgarinnar í gær.

Óeirðir á N-Írlandi:

## Fjöldi lögreglumanna særður

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Herskáir mótmælendur slógust við óeirðalögreglu og hermenn á götum Belfast í fyrrinótt, aðra nóttina í röð. Leituðu hinir herskáu með þessu útrásar fyrir reiði sína yfir því að skrúðganga liðsmanna þeirra skyldi þurfa að sæta tilteknum hömlum.

Hópar grímuklæddra manna réðust til atlögu við lögreglumennina, sem nutu liðsauka hermanna.

Talsmaður lögreglunnar sagði átján lögregluþjóna hafa særst í átökum næturinnar. Þar með voru alls fimmtíu lögreglumenn sárir eftir óeirðir helgarinnar. - aa

## DÓMSMÁL

**ÞINGAÐ Í BAUGSMÁLINU** Þingað verður í dómsmálinu á hendur forsvarsmönnum Baugs í Héraðsdómi Reykjavíkur eftir hádegi í dag. Þá gefst ríkissaksóknara meðal annars kostur á að útskýra þá átján ákæruliði sem dómurinn sagði verulega annmarka vera á.

## SVÍÞJÓÐ

**MILLJÓN MUNNTÓBAKSFÍKLAR** Meira en ein milljón Svía neytir munntóbaks. Í nýrri könnun kemur fram að nærri helmingur þeirra vill hætta en getur það ekki. Stærsti framleiðandi munntóbaks í Svíþjóð segir það jákvætt við niðurstöðurnar að fleiri reykingamenn vilji hætta en þeir sem neyti munntóbaks.





afsláttur -1kr

**Viðskiptakort**
**einstaklinga**

**Nánari upplýsingar í síma:**
**591 3100**

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is


Verslun og þjónusta á Akureyri:

# Glerártorg stækkað um helming

**STÆKKUN** Smáratorg, eigandi verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs á Akureyri, hefur gert tilboð í allt húsnæðið sem hýsir starfsemi Skinnaiðnaðar. Um er að ræða margar húseignir, í eigu fjögurra aðila, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er tilgangurinn að skapa möguleika á stækkun Glerártorgs um allt að helming.

Vegna rekstrarerfiðleika mun starfsemi Skinnaiðnaðar leggjast af á Akureyri fljótlega eftir áramót en eigendur húseignanna eru Akureyrarbær, Samvinnulífeyrissjóðurinn, Fasteignafélag Norðurlands og Landsbankinn.

Tilboðið í eignarhluta Akureyrarbæjar hljóðar upp á fimmtán milljónir króna og hafa bæjaryfirvöld ákveðið að ganga til samninga við Smáratorg á grundvelli þeirrar fjárhæðar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun endanleg ákvörðun um stækkun Glerártorgs, og þá um leið hveru mikil stækkunin verður, ráðast af samningnum um kaup á húseignunum. Gangi áform Smáratorgs eftir munu framkvæmdir hefjast á fyrri hluta næsta árs en áætlaður framkvæmdatími er tólf til átján mánuðir. - kk

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN



**HORFT YFIR SVÆÐIÐ** Einungis nokkrir metrar eru á milli Glerártorgs og þeirra húseigna sem hýsa starfsemi Skinnaiðnaðar.

# HLJÓÐ & MYND

## Flatskjáir

Palladine



42" Háskerpu Plasma
**Kr. 249.995**

42" Plasma
**Kr. 179.995**

32" LCD
**Kr. 139.995**

37" LCD
**Kr. 199.995**

50" Plasma
**Kr. 449.995**

## Heimabíó

YAMAHA



**HTiB1000** **Kr. 59.995**

- 5.1-rása, 525W magnari (105W x 5 DIN)
- Quad-Field, Tri-Field CINEMA DSP, Dolby Digital Matrix 6.1, DTS-ES Matrix 6.1 samhæfing og Dolby Pro Logic II afruglun
- 21 Surround rásir (41 afbrigði)
- Night Listening Mode og SILENT CINEMA
- DVD Spilari (NTSC/PAL, CD, MP3, JPEG, DivX, WMA og Picture CD)
- 5 hátalarar auk bassabox

## Harður Diskur/ DVD

KiSS



**DP-558 80GB** **Kr. 59.995**

- 80 GB harður diskur tengjanlegur við sjónvarpið og tölvuna.
- Tekur upp og spilar myndskrár: DivX, XviD, MPEG-4 (.avi, .mpg), MPEG-2 Video (.vob); ljóðskárr: MP3, Windows Media Audio, OGG VORBIS; myndskrár: JPEG.
- DVD spilari
- Tengjanlegur við Netið.
- Auðveldur í tengingu.
- Valmynd á skjá.
- Fæst í 200 GB útgáfu.

KEF · THE CHORD COMPANY MOVING SOUND & VISION · Palladine · YAMAHA · KiSS

Hátækni

Ármúla 26 - 108 Reykjavík - Sími 522 3000 - www.hataekni.is - hataekni@hataekni.is - Opið virka daga 9-18

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 12.09.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,4 | 62,7 |
| Sterlingspund | GBP | 114,00 | 114,56 |
| Evra | EUR | 76,74 | 77,16 |
| Dönsk króna | DKK | 10,292 | 10,352 |
| Norsk króna | NOK | 9,847 | 9,905 |
| Sænsk króna | SEK | 8,253 | 8,301 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5675 | 0,5709 |
| SDR | XDR | 91,8 | 92,34 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**107,6025**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hagfræðingur ASÍ um verðbólguna:

# Launahækkanir hafa fuðrað upp

**VERÐBÓLGA** Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, segir það slæm tíðindi að verðbólgan mælist nú 4,8 prósent.

„Verðbólga var 1,8 prósent þegar við gengum til kjarasamninga í fyrra. Framundan voru mestu framkvæmdir Íslandssögunnar, sem myndu reyna á íslenskt efnahagslíf,“ segir Ólafur Darri. „Verkalýðshreyfingin gerði því samninga til fjögurra ára sem áttu að vera grunnur að stöðugleika og uppbyggingu á atvinnulífi til framtíðar. Við miðuðum við það að verðbólga gæti verið sem næst 2,5 prósentum á samningstímanum,“ segir hann.



**ÓLAFUR DARRI ANDRASON** „Á liðnum tólf mánuðum hefur þorri launþega á almennum vinnumarkaði verið að fá 3 prósenta launahækkun en á sama tíma hefur verðbólgan verið 4,8 prósent.“

„Á liðnum tólf mánuðum hefur þorri launþega á almennum vinnumarkaði verið að fá 3 prósenta launhækkun en á sama tíma hefur verðbólgan verið 4,8 prósent. Kaupmáttur launatekna hefur því verið að rýrna. Rætur verðbólgunnar liggja ekki í launahækkunum,“ segir Ólafur Darri.

Aðspurður hvort hann óttist það að verðbólga muni hækka, verði laun hækkuð við endurskoðun kjarasamninga, telur hann að svo þurfi ekki að vera. „Það sem skiptir máli er að við erum að reyna tryggja það að kaupmáttur launa aukist með því að semja um kaupmáttaraukningu. Við erum ekki endilega krónutölu eða prósentutölu heldur skiptir það sköpum hvernig hagstjórn verði háttað,“ segir hann.

-sda

Forval Vinstri grænna:

# Guðný Hildur í 3. til 6. sæti

**STJÓRNMÁL** Guðný Hildur Magnúsdóttir félagsráðgjafi hefur ákveðið að gefa kost á sér í þriðja til sjötta sæti í forvali Vinstri grænna í Reykjavík fyrir næstu borgarstjórnarkosningar.

Guðný hefur setið í jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar frá árinu 2002 og verið varaborgarfulltrúi frá árinu 2003. Guðný hefur setið í stjórn Vinstri grænna í Reykjavík frá árinu 2002. Þau málefni sem eru Guðnýju mest hugleikin eru velferðarmál, jafnréttismál, málefni minnihlutahópa, þátttökulýðræði, félagsauður og að draga úr neysluhyggju í samfélaginu.

- ss

Framsóknarkonur:

# Formannsskipti um næstu helgi

**STJÓRNMÁL** Una María Óskarsdóttir, formaður Landssambands framsóknarkvenna, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til formennsku áfram. Framsóknarkonur hittast á Landsþingi á Ísafirði um næstu helgi.



**UNA MARÍA ÓSKARSDÓTTIR** Hefur leitt kvennastarfið innan Framsóknar í fjögur ár.

„Ég hef verið formaður í fjögur ár og ætli ég sé ekki búin að vera sex ár í stjórninni, þannig að það er tími til kominn að breyta til,“ segir Una María.

Bryndís Bjarnason, jafnréttisfulltrúi flokksins og varaformaður Landssambandsins, hefur ein ákveðið að gefa kost á sér í fyrsta sætið.

- gag

## KJARAMÁL

**FLUGUMFERÐARSTJÓRAR HAFA SAMIÐ** Félag íslenskra flugumferðarstjóra hefur samþykkt kjarasamning við ríkið. Samningurinn gildir til febrúarloka 2008 og er í takt við aðra samninga sem ríkið hefur verið að gera. Af 118 sem voru á kjörskrá greiddu 82 atkvæði. Alls greiddu 66 atkvæði með samningnum en sextán voru á móti.

## DANMÖRK

**VERÐBÓLGA FER VAXANDI** Danir hafa auknar áhyggjur af vaxandi verðbólgu en hún mælist nú 2,2 prósent og hefur ekki verið hærri um langa hríð þar í landi. Sérfræðingar sjá ekki fram á betri tíð sökum þess að eyðileggingin sem fellibylurinn Katrín olli á eftir að hafa slæm áhrif á efnahag heimsbyggðarinnar.

# Kaupmátturinn í landinu er of hár

**Verðbólga mælist nú 4,8 prósent á ársgrundvelli og hefur farið yfir viðmiðunarmörk Seðlabankans. Samkvæmt kjarasamningum frá 2004 má endurskoða samninga eða segja þeim upp fari verðbólga yfir mörkin.**

**VERÐBÓLGA** Í kjarasamningum sem gerðir voru í fyrra er ákvæði sem segir að endurskoða megi samninga eða segja þeim upp fari verðbólgan yfir verðbólgumarkmið Seðlabankans. Verðbólgumarkmið er 2,5 prósent en samkvæmt nýjustu tölum frá Hagstofu Íslands mælist verðbólga síðustu tólf mánaða nú 4,8 prósent.

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að nefnd skipuð tveimur fulltrúum frá SA og tveimur frá Alþýðusambandi Íslands muni reyna að komast að samkomulagi um breytingar á kjarasamningum í ljósi verðbólguákvæðisins. Ef samkomulag næst ekki má segja samningum upp. Ákvæðið tekur gildi í nóvember.

„Nú er verðbólgan orðin það mikil að ljóst er að það mun reyna á þessar forsendur. Það er ekki umdeilt að þetta sé marktækt frávik frá verðbólgumarkmiðum Seðlabankans,“ segir Hannes. Hann segir ómögulegt að segja til um hvað muni gerast. „Það stefnir í einhverjar niðurstöður, annað hvort breytingar á samningum eða uppsögn þeirra,“ segir hann.

Ásgeir Jónsson, hagfræðingur í KB banka, segir að ef farið verði fram á launahækkun í nýjum kjarasamningum muni verðbólgan hækka enn meir. „Það er ekki víst að hækkun kauptaxta á þessum tímapunkti muni skila auknum kaupmætti vegna þess að frekari hækkun á launakostnaði mun ýta verðbólgu upp,“ segir Ásgeir.

Hannes bendir á að samningarnir sem gerðir voru í ársbyrjun 2004 verði þá til tveggja ára en ekki fjögurra. „Langtímakjarasamningur er ætlað að skapa festu og aukna vissu fyrir atvinnureksturinn til að geta séð lengra fram í tímann og gert raunhæfari áætlanir en ella,“ segir Hannes.

„Það er í raun og veru mjög mikilvægt verkefni að reyna að halda sem mestum stöðugleika og valda sem minnstri óvissu og titringi í kringum þessi mál. Kaupmáttur í landinu er í raun og veru of hár, sem kemur fram í þessum mikla viðskiptahalla og miklum innflutningi alls kyns neysluvarnings. Það getur ekki verið þjóðhagslega mikilvægt verkefni að auka kaupmátt. Það er ef til vill verkefni að varðveita hann eins mikið og kostur er,“ segir Hannes.

sda@frettabladid.is



**HANNES G. SIGURÐSSON** „Það stefnir í einhverjar niðurstöður, annað hvort breytingar á kjarasamningum eða uppsögn þeirra.“



**ÁSGEIR JÓNSSON** „Það er ekki víst að hækkun kauptaxta á þessum tímapunkti muni skila auknum kaupmætti vegna þess að frekari hækkun á launakostnaði mun ýta verðbólgu upp.“



**RÆKJUVINNSLA** Upphafsafli úthafsrækju verður tíu þúsund tonn.

Stofnmæling úthafsrækju:

# Meiri rækja en á síðasta ári

**SJÁVARÚTVEGUR** Vísitala stofnstærðar úthafsrækju er aðeins meiri í ár en í fyrra, samkvæmt mælingum Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir norðan og austan land. Vísitalan er þó ennþá 27 prósentum lægri en árið 1999, sem var lakasta árið á tíunda áratugnum.

Bráðabirgðaútreikningar sýna að nýliðun er mjög slök, aðeins fjórðungur á við nýliðunina árið 2004. Enn er eftir að vinna úr ýmsum gögnum sem safnað hefur verið í stofnmælingu úthafsrækju.

Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til að upphafsafli úthafsrækju verði tíu þúsund tonn fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.

- th

Skemmdarverk:

# Piltur braut 21 rúðu

**EIGNASPJÖLL** Sautján ára piltur braut 21 rúðu í Grunnskólanum í Borgarnesi.

Guðbergur Guðmundsson, varðstjóri lögreglunnar í Borgarnesi, segir ákveðin ummerki í kringum skólann hafa gefið vísbendingar um hver hafi verið að verki. Fjórir jafnaldrar hafi fylgst með því er piltur-inn braut rúðurnar. Hann hafi ekki náð að brjóta rúðurnar í gegn og því hafi skólastarfið ekki raskast.

Guðbergur segir hópinn þann sama og rændi keilum, skiltum og bunkum af Fréttablaðinu aðfaranótt sunnudags. Pilturinn verði kærður fyrir skemmdarverkin.

- gag




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÍTIÐ FERÐAVEÐUR Í ÖRÆFASVEITINNI**
Það eru horfur á vonskuveðri austan til á landinu. Suðaustan til verður mjög hvasst, ekki síst í hviðum sunnan jökla. Mikla rigningu er að sjá frá Eyjafirði og austur og suður úr, allt að Öræfasveitinni. Lægir í kvöld og nótt síst þó suðaustan til. Fínt á morgun.

**HORFUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Allhvöss norðanátt í fyrstu en lægir síðdegis. Skýjað og yfirleitt þurrt. Hiti 8-12 stig en kólnar á morgun.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hæg breytileg átt.

*» fimmtudagur*




Hæg vestlæg átt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C hálfskýjað | París | 25°C skýjað/skúr | Alicante | 31°C hálfskýjað |
| Osló | 15°C hálfskýjað | Berlín | 20°C hálfskýjað | Milano | 23°C skýjað/skúr |
| Stokkhólmur | 16°C hálfskýjað | Frankfurt | 20°C skýjað | New York | 32°C léttskýjað |
| Helsinki | 13°C léttskýjað | Madrid | 25°C léttskýjað | San Francisco | 18°C léttskýjað |
| London | 23°C skýjað | Barcelona | 26°C skýjað | Orlando/Florida | 33°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# 5 AF 7 BESTU VEGGSJÓNVÖRPUNUM FÁST HJÁ ORMSSON

Samkvæmt könnun Neytendasamtakanna og *ICRT.

*Óháð alþjóðleg heildarsamtök neytendasamtaka.

## Gerðu kröfur – við uppfyllum þær!

Plasma og LCD sjónvörp eru vinsæl vegna gæðanna – útlits og upplausnar.
Þess vegna er viturlegt að vanda valið þegar kemur að kaupum á þessu veglega heimilistæki.

### 1. sæti:

Pioneer



**PIONEER PDP-435FDE**
- Plasma skjár.
- Skjástærð 43" / 109 cm
- Birta 1100cd/M2 - Skerpa 1200:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1024:768 dílar
- Textavarp m/ 2100 síðna minni
- 2X 20 W magnari
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

**Verð: 499.900 kr.**

### 2. sæti:

LOEWE.



**LOEWE Xelos A-26**
- Svartur HD-TFT LCD Skjár.
- Skjástærð 26"
- Birta 450cd/M2 - Skerpa 800:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1366:768 dílar
- Textavarp m/ 3500 síðna minni
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

**Verð: 219.900 kr.**

### 3. sæti:

SAMSUNG



**SAMSUNG PS-42 S4S**
- 42" plasma sjónvarp
- Upplausn: 852 x 480
- Birta: 1000 cd/m2
- Skerpa: 3000:1
- DNIe myndleiðrétting
- 2100 síðna textavarpsminni
- Líftími 60.000 klst

**Verð: 369.900 kr.**

4. sæti: annað merki
5. sæti: annað merki

### 6. sæti:

LOEWE.



**LOEWE Concept L-42**
- Plasma skjár.
- Skjástærð 42" / 106 cm
- Birta 1100cd/M2 - Skerpa 1000:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 852:480 dílar
- Textavarp m/ 2100 síðna minni
- 2X 20 W magnari m / útvarpi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Fáanlegt Svart eða Grátt

**Verð: 339.900 kr.**

### 7. sæti:

SAMSUNG



**SAMSUNG LW26A33**
- 26" LCD sjónvarp
- Upplausn: 1280 x 768
- Birta: 500 cd/m2
- Skerpa: 600:1
- DNIe myndleiðrétting
- 200 textavarpsminni

**Verð: 199.900 kr.**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

SMÁRALIND
Sími 530-2900
SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-2800

ORMSSON

GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR



## KJÖRKASSINN

*Á að afnema rétt fyrrverandi ráðherra og þingmanna til eftirlauna meðan þeir gegna öðru starfi?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 96% |
| Nei | 4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefurðu áhyggjur af aukinni verðbólgu?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Svein Ludvigsen sjávarútvegsráðherra á kosningavöku í Reykjavík:

# Á brattann að sækja fyrir ríkisstjórnina

**STJÓRNMÁL** „Svo virðist sem vinstriblokkin hafi náð forskotinu, en svona jöfn hefur baráttan aldrei verið í þingkosningum í Noregi. Þetta hefur verið mjög spennandi,“ sagði Svein Ludvigsen, sjávarútvegsráðherra Noregs, í gærkvöldi, en hann er einn af forystumönnum Hægriflokksins.

„Við töpuðum allmiklu fylgi og það á einnig við um Kristilega þjóðarflokkinn. Það er slítandi að sitja í ríkisstjórn og kannanir gáfu til kynna að við ættum á brattann að sækja. Og vitanlega harma ég það að við skulum ekki ná betri árangri.“

Vinstriflokkurinn náði góðum árangri og var spáð átta til tíu þingsætum í stað tveggja áður. Haldið var á lofti að flokkurinn hefði ekki síst unnið sigur sinn á kostnað Hægriflokksins. „Margir töluðu síðustu dagana fyrir kosningar um að það væri snjallræði að kjósa Vinstriflokkinn til að koma honum yfir fjögurra prósenta markið en þannig öðlaðist flokkurinn rétt til fjölda uppbótarþingsæta. Ég vil vitanlega að Hægriflokkurinn nái góðum árangri. En það skiptir líka miklu máli að hægriflokkarnir haldi velli,“ segir Svein Ludvigsen, sem brátt verður fylkisstjóri í Tromsfylki í Noregi. - jh



**SVEIN LUDVIGSEN Í SENDIRÁÐINU** Sjávarútvegsráðherra Noregs var á kosningavöku í norska sendiráðinu í Reykjavík í gærkvöldi.

# Norska stjórnin fallin

**Verkamannaflokkurinn og Framfaraflokkurinn unnu sigur í norsku þingkosningunum í gær en stjórnarflokkarnir töpuðu miklu fylgi. Jens Stoltenberg, formaður Verkamannaflokksins, fagnar sigri.**

**STJÓRNMÁL** Verkamannaflokkurinn, Framfaraflokkurinn og Vinstriflokkurinn eru sigurvegarar í norsku þingkosningunum í gær. Í gærkvöldi benti allt til þess að vinstrabandalag Verkamannaflokksins, Sósíalíska vinstriflokksins og Miðflokksins næði meirihluta þingsæta og þyrfti ekki að treysta á stuðning þingmanna smáflokka.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun virtist sem vinstrabandalagið undir forystu Jens Stoltenberg hefði fengið samanlagt 88 þingsæti á móti 81 þingsæti hægriflokkanna.

Stjórnarflokkarnir tveir, Hægriflokkurinn og Kristilegi þjóðarflokkurinn, töpuðu miklu fylgi. Talið er að Hægriflokkurinn hafi goldið þess að margir kjósendur hans hafi að þessu sinni kosið Vinstriflokkinn til þess að koma honum yfir fjögurra prósenta fylgi, en þannig öðlaðist hann rétt til uppbótarþingsæta. Allt benti til þess í gærkvöldi að Vinstriflokkurinn næði um sex prósenta fylgi og bætti við sig að minnsta kosti átta þingsætum.

Framfaraflokkurinn bætir við sig meira en sjö prósentustigum frá kosningunum 2001 og hefur flokkurinn nú langflest þingsæti á meðal hægriflokka í Noregi.

Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðingur sagði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að færi svo sem allt benti til, að rauðgræna bandalagið, Verkamannaflokkurinn, Sósíalíski vinstriflokkurinn og Miðflokkurinn, næði völdum yrði það í fyrsta skipti sem sósíalískur flokkur fengi ráðherra í ríkisstjórn í Noregi. Slíkt hefði í raun einungist gerst á Íslandi og í Finnlandi. „Það má einnig telja athyglisvert að Vinstriflokkurinn virðist – ef svo má segja – hafa fengið talsvert af atkvæðum að láni frá Hægriflokknum,“ segir Ólafur Þ. Harðarson.

Jens Stoltenberg, formaður Verkamannaflokksins, fagnaði sigri ákaft í gærkvöldi þegar úrslit lágu fyrir og sagði sigur flokksins mikinn.

Erna Solberg, formaður Hægriflokksins, lýsti vonbrigðum og viðurkenndi að sama skapi ósigur flokksins en flokkurinn tapaði þriðjungi þess fylgis sem hann hlaut í kosningunum árið 2001. johannh@frettabladid.is



**JENS STOLTENBERG** Ljóst er að Verkamannaflokkurinn hefur unnið góðan sigur óháð því hvernig fer með stjórnarmyndun.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Halldór sagði í gærkvöldi að hver sem úrslitin yrðu í Noregi myndu samskipti Íslands og Noregs áfram verða góð.

Halldór Ásgrímsson:

## Samskiptin áfram góð

**STJÓRNMÁL** „Ég tel að hvor sem niðurstaðan verður í þessum kosningum verði samskipti Íslendinga og Norðmanna áfram góð,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra þegar leitað var álits hjá honum í gærkvöldi en þá var búið að telja um helming atkvæða. Flest benti þá til þess að stjórn Kjell Magne Bondevik myndi falla.

„Ég átti mjög góð samskipti við utanríkisráðherra sem komu frá Verkamannaflokknum á sínum tíma og þeir sýndu ágætan skilning á samskiptum landanna, ekki síst í samningamálum um fiskveiðimál. Eins hefur Jens Stoltenberg lagt mikið upp úr góðum samskiptum við Ísland.“ - jse

## LEIÐRÉTTING

Nafn mannsins sem saknað er eftir sjóslysið á Viðeyjarsundi er Friðrik Ásgeir Hermannsson en það misritaðist í Fréttablaðinu í gær. Einnig kom þar fram að Matthildur Harðardóttir, sem lést í sjóslysinu, hefði starfað sem lögfræðingur en hið rétta er að hún starfaði á lögfræðistofu. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Geir H. Haarde:

## Úrslitin koma ekki á óvart

**STJÓRNMÁL** Geir Haarde fjármálaráðherra segir úrslitin ekki koma á óvart því norska stjórnin hafi lengi verið í fallhættu.

„Það má kannski segja að útkoman hjá stærri stjórnarflokkunum, Kristilega þjóðarflokknum og Hægriflokknum, sé verri en menn áttu von á. Samt er þetta nokkuð jafnt. Það er erfitt að stjórna landi lengi í minnihluta og þurfa að reiða sig á flokk sem ekki er innanborðs. Kjell Magne Bondevik hefur mætt andstöðu Carls I. Hagen og Framfaraflokksins í kosningabaráttunni. Andstaða hans hefur aðeins hjálpað anstæðingum stjórnarinnar,“ segir Geir Haarde. -jh



**GEIR H. HAARDE**

Magnús Þór Hafsteinsson:

## Styrkur Hagens mikil tíðindi

**STJÓRNMÁL** „Það stefnir óneitanlega í að vinstristjórn taki við af stjórn Bondeviks. Mér finnst einna furðulegast hversu stórt tap Hægriflokksins er,“ sagði Magnús Þór Hafsteinsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins í gærkvöldi.

Magnús segir styrk Carls I. Hagen og Framfaraflokksins mikil tíðindi. „Framfaraflokkurinn er nú stærsti flokkurinn á hægrivæng norskra stjórnmála.“ - jh



**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON**


LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is



C-500
TIL AÐ VIÐHALDA GÓÐRI HEILSU.
FYRIR TENNUR, TAUGAR, BEIN- OG BANDVEF.

C-vítamín hefur mikilvægu hlutverki að gegna við myndun bandvefs, er stór þáttur í vexti og heilbrigði æða, beina, góms og tanna ásamt því að auka frásog járns. C-vítamín stuðlar að því að sár gróa og eykur viðnám líkamans gegn sýkingum. Líkaminn þarfnast aukins C-vítamíns þegar hann er undir andlegu eða líkamlegu álagi. C-vítamín er sindurvari (andoxunarefni) sem ver frumur líkamans gegn skaðlegum áhrifum stakeinda, en það eru úrfellingarefni sem verða til við efnaskipti í líkamanum.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 29505 09/2005


Ríkislögreglustjóri sendir frá sér framhaldsákæru vegna Frjálsrar fjölmiðlunar:

# Vafi leikur á ártali meintra brota

**DÓMSMÁL** Jón H. Snorrason, saksóknari Ríkislögreglustjóra, hefur sent frá sér framhaldsákæru til að leiðrétta misfellur í upphaflegri ákæru á hendur Sveini R. Eyjólfssyni, Eyjólfi Sveinssyni og átta öðrum sem ákærðir voru fyrir að standa ekki skil á sköttum og launatengdum gjöldum í fyrirtækjarekstri tengdum Frjálsri fjölmiðlun.

Leiðréttingarnar snerta fjóra liði ákærunnar. Á lokasíðu framhaldsákærunnar virðist vafi leika á ártali meintra brota Eyjólfs Sveinssonar og Sveins R. Eyjólfssonar í rekstri Fréttablaðsins ehf. Yfir tölulið þar sem strikaðar eru út fjárhæðir sem ekki áttu við stendur „Árið 200???“. Í leiðréttingunni er sú upphæð opinberra gjalda sem þeim er gefið að sök að hafa ekki staðið skil á lækkuð úr 10.425.212 krónum í 8.977.513 krónur.

„Hægt er að halda því fram að þetta hefði mátt vera betra, þótt ekki sé fastar að orði kveðið,“ segir Halldór Jónsson, lögmaður Eyjólfs Sveinssonar.

„Það eina sem þessi framhaldsákæra gerir í tilfelli Sveins er að fella niður saksóknir,“ segir Ragnar H. Hall, lögmaður Sveins. „Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að Jón eigi að halda áfram að senda frá sér framhaldsákærur þar til fallið hefur verið frá öllum saksóknum,“ bætir hann við.

Tekin verður til umfjöllunar frávísunarkrafna lögmanna þriggja ákærðu á framhaldsákæruna mánudaginn 19. september. - óká




**LOKASÍÐA FRAMHALDSÁKÆRU** Á lokasíðu framhaldsákæru Ríkislögreglustjóra í málum fyrirtækja tengdra Frjálsri fjölmiðlum virðist leynast meinleg villa. Framhaldsákærunni er ætlað að leiðrétta fyrri ákæru.




Nú býður Hive viðskiptavinum sínum að hringja fyrir aðeins 5 kr. á mínútuna í heimasíma til rúmlega 30 landa.

Kynntu þér þjónustuna á hive.is og byrjaðu að hringja út í heim á margfalt lægra verði en nokkru sinni fyrr. Skilaðu kveðju frá okkur.

Hive.is  Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir forsætisráðherra Japans?*

2 *Hvað eru mörg ár síðan hryðjuverkárásirnar voru gerðar á Bandaríkin 11. september?*

3 *Hvaða tungl Satúrnusar telja vísindamenn bandarísku geimferðastofnunarinnar að líkist jörðinni?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Nafnabreytingar í gatnakerfi Reykjavíkur:

# Gamla Hringbraut heitir Gamla-Hringbraut

**GATNAKERFI** Gamla Hringbrautin, sem lá frá Snorrabraut að horni Hljómskálagarðs, heitir nú Gamla-Hringbraut. Borgarráð samþykkti nafngiftina á fundi á fimmtudag.

Við Gömlu-Hringbraut eru tvö íbúðarhús, þau er standa við austurenda Sóleyjargötu, og svo Landspítali – Háskólasjúkrahús (LSH). Spítalabyggingarnar hafa verið kenndar við Hringbrautina og telur Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri tækni og eigna hjá LSH, líklegt að svo verði áfram – ekki verði tekið upp á að kenna spítalann við Gömlu-Hringbraut. Ástæður þess eru ekki eingöngu sögulegar og þægindanna vegna heldur nær lóð spítalans yfir Gömlu-Hringbrautina og niður að núverandi Hringbraut.

Gamla-Hringbraut er að líkindum um fyrsta og eina gatan á Íslandi sem ber forskeytið Gamla- í nafni sínu en nokkrir sveitabæir bera það.

Hringbrautirnar í landinu eru þrjár. Auk þeirrar sem nú hefur verið flutt um nokkur hundruð metra í Reykjavík er ein í Hafnarfirði og önnur í Reykjanesbæ.

- bþs

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GAMLA HRINGBRAUT** Borgarráð hefur ákveðið að gamla Hringbrautin skuli heita Gamla-Hringbraut. Landspítalinn verður að líkindum áfram kenndur við gömlu götuna, sem þó hefur verið flutt um nokkur hundruð metra frá spítalabyggingunum.

Bosníumaður handtekinn:

# Með sprengiefni í ferju

**HRYÐJUVERK** Bosnískur maður var handtekinn um helgina þegar hann gerði tilraun til að smygla sprengiefni með ferju til Svíþjóðar.

Maðurinn var farþegi í langferðabíl sem átti að fara með ferju frá Þýskalandi til Svíþjóðar. Aukið eftirlit var hins vegar á öllum landamærastöðvum í Þýskalandi um helgina vegna 11. september og gerðu leitarhundar vart við að eitthvað óeðlilegt væri að finna í tösku mannsins.

Í ljós kom að hún innihélt sprengiefni og kveikjubúnað sem var þó ekki tengdur. ■



**TALAÐ Í NETSÍMA SKYPE** Skype hefur vaxið ævintýralega á þremur árum.

Símafyrirtækið Skype:

# eBay keypti á 250 milljarða

**NETIÐ** Símafyrirtækið Skype, sem gerir fólki kleift að talast ókeypis við gegnum netið, var selt um helgina fyrir tæpa 250 milljarða íslenskra króna. Það var uppboðsfyrirtækið eBay sem keypti Skype af Dananum Janus Friis og Svíanum Niklas Zennström, sem stofnuðu það árið 2002. Fyrirtækið hefur átt ævintýralegum uppgangi að fagna og er talið að um 165 milljónir manna um allan heim noti hugbúnað þess og fari fjölgandi með degi hverjum. ■

# Enn minnkar bilið milli Schröders og Merkel

**Enn dregur saman með stóru flokkunum í síðustu viku kosningabaráttunnar í Þýskalandi. Síðustu sjónvarpskappræðurnar fóru fram í gær.**

**ÞÝSKALAND, AP** Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, mætti í gær áskorendum sínum í síðustu sjónvarpskappræðunum fyrir þingkosningarnar á sunnudaginn. Nú á lokaspretti kosningabaráttunnar benda skoðanakannanir til að Jafnaðarmannaflokkur Schröders sé að vinna aftur nokkurt fylgi.

Í sjónvarpsumræðunum, sem teknar voru upp á hóteli í Berlín í gærmorgun en sendar út um kvöldið, stóðu Schröder og stjórnarsamstarfsfélagi hans Joschka Fischer úr flokki græningja andspænis Angelu Merkel, formanni Kristilegra demókrata og kanslaraefni stjórnarandstöðunnar, og Edmund Stoiber, formanni systurflokksins CSU í Bæjaralandi, en hann var kanslaraefni kristilegu flokkanna fyrir kosningarnar 2002. Þá voru þarna einnig Guido Westerwelle, formaður frjálsra demókrata, sem stefna að stjórnarsamstarfi við kristilegu flokkana, og Gregor Gysi úr nýja Vinstriflokknum, kosningabandalagi austur- og vestur-þýskra sósíalista.

Merkel vill mynda stjórn með frjálsum demókrötum en ef marka má stöðuna í skoðanakönnunum er alls ekki víst að þessir flokkar fái hreinan þingmeirihluta. Jafnaðarmenn bættu enn við sig í nýjustu könnunum; fylgi þeirra mældist 35 prósent í könnun Forsa-stofnunarinnar sem niðurstöður voru birtar úr í gær. Forskot kristilegu flokkanna var samkvæmt því sjö prósentustig, en það var vel yfir tíu prósentum framan af kosningabaráttunni.

Á lokasprettinum hafa Schröder og hans fólk lagt áherslu á að gera sér mat úr umdeildum hugmyndum Pauls Kirchhof, „fjármálaráðherra“ í skuggaráðuneyti Merkel, um róttækar breytingar á skattaog lífeyriskerfinu sem vekja skjólstæðingum þýska velferðarkerfisins ugg. Merkel og kosningastjórar hennar leggja aftur á móti áherslu á hræðsluáróður gegn hugsanlegri „rauð-rauð-grænni“ stjórn (jafnaðarmanna, græningja og vinstrisósíalista), það er að segja að ekkert mark sé takandi á heitstrengingum Schröders um að hans flokkur myndi aldrei mynda stjórn sem væri upp á stuðning Vinstriflokksins komin.

audunn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SÍÐASTA VIÐUREIGNIN** Joschka Fischer utanríkisráðherra, Gerhard Schröder kanslari, Angela Merkel, kanslaraefni CDU, og Edmund Stoiber, formaður CSU, í sjónvarpssal í Berlín í gær.




ashtanga jóga
byrjenda- og framhaldsnámskeið
power jóga
hatha jóga
meðgöngujóga
kennsla hefst 19. september
skráning í síma 553 0203 og istefan@mi.is

yoga shala
reykjavík
engjateigur 5



Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild



Viljum bæta við **sjálfboðaliðum** á öllum aldri!

**Fjölbreytt og áhugaverð verkefni**
s.s. heimsóknir, stuðningur við börn af erlendum uppruna, símtöl við fólk í vanda, afgreiðsla í sölubúðum, starf með fötluðum, heimilislausum o.fl.

**Með sjálfboðastarfi gefst tækifæri til að láta gott af sér leiða, vera í góðum félagsskap og bæta við reynslu og þekkingu.**

**Nánari upplýsingar hjá Sjálfboðamiðlun í síma 5450408.**
Netfang:sjalfbodamidlun@redcross.is
Heimasíða: redcross.is/reykjavik

Sjálfboðamiðstöð

# TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

*Skráning á haustönn hafin í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is*



## STARFSMENNTUN

### Tölvu- og skrifstofunám

Þrautreynt og vandað 220 stunda starfsnám fyrir fólk á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar jafnt starfandi skrifstofufólki sem vill dýpka þekkingu sína á upplýsingatækni og bókhaldi og þeim sem vilja undirbúa sig undir starf á nýjum vettvangi.
Námið hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.
**Helstu kennslugreinar:**

**Tölvugreinar:**
- Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word grunnur og millistig
- Excel grunnur og Excel í stjórnun og rekstri
- Framsetning á kynningarefni í PowerPoint
- Gagnagrunnur í Access
- Stafrænar myndavélar og meðferð mynda í tölvu
- Netið og öryggi á Netinu
- Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag

**Viðskiptagreinar:**
- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skýrslur
- Bókhaldsgrunnur
- Tölvufært bókhald (Navision)

Morgunnámskeið hefst 30. september og lýkur 28. janúar 2006. Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 8.30 til 12.

Kvöldnámskeið hefst 1. október og lýkur 28. janúar 2006. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17.30 til 21 og laugardaga frá kl. 9 til 12.30.

Lengd: 220 stundir. Verð kr. 149.800,- stgr. Bjóðum einnig upp á VISA/EURO raðgreiðslur og starfsmenntalán.



**Margrét H. Ásgeirsdóttir vinnur á skrifstofu Matráðs ehf. við almenn bókhalds- og skrifstofustörf.**

„Ég var búin að vera atvinnulaus í marga mánuði. Þetta nám skilaði mér því sem ég stefndi að; krefjandi og skemmtilegu starfi strax að námi loknu. Kennslan var frábær og uppbyggileg. Gef skólanum og kennurunum mín bestu meðmæli."

## HAGNÝTT TÖLVUNÁM

### TÖK tölvunám

Þetta námskeið hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.
**TÖK** skammstöfunin stendur fyrir alþjóðlegt prófskírteini útgefið af Skýrslutæknifélagi Íslands. **Kennslu- og prófagreinar:**

- Grunnatriði upplýsingatækninnar
- Windows
- Word ritvinnsla
- Excel töflureiknir
- PowerPoint kynningar
- Access gagnagrunnur,
- Internetið og tölvupóstur

Kennt er þrisvar í viku og hefst kennsla 30. sept. og lýkur 17. nóv. Hægt er að velja um morgun- eða kvöldtíma.
Lengd námskeiðs: 100 kennslustundir.
Verð kr. 65.000,- (Allt námsefni innifalið).

## BÓKHALDSNÁM

### I Bókhald grunnur

110 kennslustunda hagnýtt og hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofufólk eða þá sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Hentar einnig sjálfstætt starfandi atvinnurekendum eða þeim sem eru að hefja rekstur og vilja vera sem mest sjálfbjarga við við bókhaldið.
Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum og fá þátttakendur hagnýt verkefni með raunverulegum fylgiskjölum sem eru merkt og færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum. Prufuútgáfa af bókhaldsforriti fylgir.
Uppbygging námsins miðast við nemendur með grunnþekkingu í tölvum og Excel.

**Helstu kennslugreinar:**

- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skýrslur
- Bókhaldsgrunnur og handfært bókhald
- Tölvufært bókhald í Navision

Kennsla hefst 20. september og lýkur 4. nóvember. Bjóðum upp á morgun- og kvöldtíma. Verð kr. 86.000,-

### II Bókhald framhald

Stutt framhaldsnámskeið í Navision tölvubókhaldi. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans **www.tsk.is**

...bara á
flugfelag.is
14. - 20. sept.
Verð miðast við flug **aðra leiðina. Bara á www.flugfelag.is** Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjavíkur og
AKUREYRAR
5.399 kr.
Milli Reykjavíkur og
BÍLDUDALS
5.099 kr.
Milli Reykjavíkur og
EGILSSTAÐA
6.099 kr.
Milli Reykjavíkur og
ÍSAFJARÐAR
5.299 kr.
Milli Reykjavíkur og
SAUÐÁRKRÓKS
5.099 kr.
Milli Reykjavíkur og
HORNAFJARÐAR
5.899 kr.
Milli Reykjavíkur og
GJÖGURS
5.099 kr.
Milli Reykjavíkur og
VESTMANNAEYJA
4.599 kr.
flugfelag.is



Samtök Suðurnesjamanna um flutning innanlandsflugs:

# Vilja flugið til Keflavíkur

**SAMGÖNGUR** Rúmlega hundrað manns hafa gerst stofnfélagar í þverpólitískum samtökum sem ætla að beita sér fyrir því að innanlandsflug verða flutt til Keflavíkur. Stofnfundur verður haldinn 6. október næstkomandi.

Viktor Kjartansson, formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjanesbæ, er einn þriggja sem vinna að stofnun samtakanna. Hann segir að flutningur flugvallarins hafi um nokkurt skeið verið til umræðu í sveitarfélaginu.

„Við munum leggja aðaláherslu á að safna fé til að láta gera skýrslu með tölfræðiúttekt á innanlandsflugi, taka saman hversu margir sem það nota eru að fara til útlanda. Þá þarf að gera úttekt á samgöngubótum til og frá flugvellinum. Að því loknu munum við standa fyrir málþingi þar sem niðurstöður skýrslunnar verða ræddar.“

Auk Viktors eru í undirbúningsnefnd Eysteinn Eyjólfsson, formaður Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ, og Eysteinn Jónsson, formaður fulltrúaráðs Framsóknarfélaganna í Reykjanesbæ og aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra.

- ss




**STYTTING VEGAR TIL KEFLAVÍKUR** Undirbúningshópur fyrir stofnun samtaka um flutning innanlandsflugs til Keflavíkur leggur til tengingu Straumsvíkur og Vatnsmýrar með brúar- eða gagnagerð.



MYND/AP

**LANDTÖKU LOKIÐ** Palestínskur unglingur stendur hjá rústum bænahúss gyðinga í yfirgefnu landtökubyggðinni Netzarim á Gaza í gær.

# Hamslaus fögnuður á Gaza-svæðinu

**Mikill fögnuður ríkti meðal Palestínumanna í gær þegar 38 ára hernámi Ísraela á Gaza-svæðinu lauk. Yfirgefin bænahús gyðinga voru brennd til grunna.**

**PALESTÍNA, AP** Mikil kæti ríkti meðal Palestínumanna sem streymdu í gær inn í yfirgefnar byggðir ísraelskra landtökumanna á Gazasvæðinu. Síðasti ísraelski hermaðurinn fór þaðan í fyrrinótt en þar með lauk 38 ára hernaðarlegum yfirráðum Ísraela á Gaza.

Í Rafah, við landamærin að Ísrael, klifraði fjöldi manna í fagnaðarlátunum yfir landamæravegginn að Egyptalandi. Herskáir hópar Palestínumanna reistu fána að húni, skutu villt upp í loftið úr byssum sínum og kveiktu í yfirgefnum bænahúsum gyðinga. Í látunum varð ungur Palestínumaður fyrir skotum egypsks landamæravarðar og fjórir Palestínumenn drukknuðu undan Gaza-strönd, að því er sjúkrahússtarfsmenn greindu frá.

Hamsleysi fagnaðarlátanna sýndi greinilega að öryggissveitir palestínsku heimastjórnarinnar eru verkefni sínu illa vaxnar enn sem komið er. Að palestínsk yfirvöld sýni að þau séu fær um að halda uppi lögum og reglu á Gaza er af mörgum álitið prófsteinn á að þau séu fær um að axla ábyrgðina á að tryggja öryggi í sjálfstæðu Palestínuríki.

Síðasti ísraelski skriðdrekinn skrölti út úr Gaza rétt fyrir sólarupprás. „Verkefninu er lokið,“ sagði yfirmaður ísraelska herliðsins á Gaza, Aviv Kochavi, en hann var sjálfur síðasti hermaðurinn sem yfirgaf svæðið.

Mahmoud Abbas, leiðtogi palestínsku heimastjórnarinnar, tjáði þjóð sinni að enn væri „langur vegur“ eftir að stofnun sjálfstæðs ríkis, en sagði að þessum degi skyldi fagna sem mikilvægum áfanga.

Palestínumenn gera sér vonir um að stofna ríki sitt á Gaza, Vesturbakkanum og Austur-Jerúsalem – svæðunum sem Ísraelar hernámu í „sex daga stríðinu“ árið 1967 – en þeir óttast að Ísraelar muni ekki láta meira land af hendi.

Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, segir ríkisstjórn sína enn vilja framfylgja „Vegvísinum til friðar“ sem Bandaríkin og fleiri ríki stóðu að og miðar að stofnun sjálfstæðs Palestínuríkis, en sagði hvers konar frekari tilslakanir af hálfu Ísraela vera undir því komnar hvernig Abbas gengur að hafa hemil á palestínskum öfgamönnum.

audunn@frettabladid.is

Varaformannskjör í Sjálfstæðisflokknum:

# Kristján Þór óttast ekki samkeppnina

**STJÓRNMÁL** Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, segist ekki vonsvikinn þó Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra og Bjarni Benediktsson þingmaður styðji Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra til embættis varaformanns Sjálfstæðisflokksins. „Öll eru þau þingmenn sama kjördæmis og mér kemur því ekki á óvart að þau styðji hvert annað,“ segir Kristján.

Einungis Þorgerður Katrín og Kristján Þór hafa enn lýst yfir vilja til að gegna embætti varaformanns Sjálfstæðisflokksins en kosið verður um embættið á landsfundi flokksins í næsta mánuði.

„Ég hef góð tengsl við sjálfstæðismenn hringinn í kringum landið eftir að hafa starfað lengi sem sveitarstjórnarmaður. Sú reynsla mun koma flokknum vel ef ég verð kosinn enda ljóst að varaformaðurinn þarf að þekkja víðar til en á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu,“ segir Kristján.

- kk



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON** „Ég hlakka til baráttunnar við Þorgerði Katrínu um embætti varaformanns og veit að sú rimma verður drengileg þó hugsanlega verði hart tekist á,“ segir Kristján.

**Ford**Mondeo



Veldu nýjan **Ford**

# Nýtt tákn um gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

**Veldu Mondeo Ghia í stað Avensis Sol**

Nýtt útlit færir Ford Mondeo nær þeim glæsileika nafnið stendur fyrir. Eiginleikar Mondeo eru í samræmi við vestræn gildi okkar Íslendinga. Hugmyndir okkar og ný tákn um lífsgæði; fegurð, styrk, ást og umhyggju fyrir hvort öðru kristallast í hönnun á nýjum Mondeo. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Ford, styrkleikinn, mýktin, sportið og glæsilegt útlit Mondeo kallar á nýjan samanburð. Berðu saman Toyota Avensis Sol við Ford Mondeo Ghia. Skoðaðu staðalbúnaðinn, lið fyrir lið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Þegar allt er tekið með og verð borið saman við gæði verður til nýtt leiðarljós fyrir val á rétta bílnum. Veldu Ford.

Staðalbúnaður Mondeo Ghia er ríkulegri en Avensis Sol: Þú færð 2,0 lítra, 145 hestafla Mondeo með 190 Nm togi. Einnig nýjasta öryggisbúnaðinn; IPS öryggiskerfið, hálshnykksvörnina, **ESP stöðugleikastýrikerfið** sem dregur úr líkum á að bíllinn skriki til, TCS spólvörn sem tryggir akstur úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Gott fyrir íslenskar aðstæður. Á köldum vetri er ísing á framrúðu ekki heldur vandamál í Mondeo þar sem hún er öll upphitanleg. Í náttmyrkrinu lýsa ljósin í hliðarspeglunum upp tilveruna þér til öryggis. Þú heldur þægilegum hraða með hraðastillinum, hækkar eða lækkar ökumannssætið eftir þörfum með rafdrifinni hæðarstillingu og bíður eftir að regnskynjarinn setji rúðuþurrkurnar af stað. Viðaráferð í innréttingu gefur stemningu ásamt krómi við skottopnun, afturljós, hliðarrúður og krómuðum hurðarhúnum. Berðu saman verð og gæði. Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Vertu á Mondeo.

Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

**Nýr Ford Mondeo Ghia: Lægra verð, meiri búnaður.***

| **Kaupverð** | *Beinskiptur* | *Sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Ford Mondeo Ghia 4 dyra 2,0i | **2.290.000 kr.** | **2.430.000 kr.** |
| Ford Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i | **2.350.000 kr.** | **2.490.000 kr.** |
| Ford Mondeo Ghia Wagon 2,0i | **2.410.000 kr.** | **2.550.000 kr.** |

*Spurðu um Ford Mondeo búin Common Rail dísilvél, 130 hestöfl og 330 Nm tog.*

## Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

- ESP stöðugleikastýrikerfi
- TCS spólvörn
- Tölvustýrð loftkæling með hitastýringu
- 16" Ghia álfelgur
- Viðaráferð í innréttingu
- Regnskynjari í framrúðu
- Upphitanleg framrúða
- Aksturstölva
- Hraðastillir
- Öryggispúðar að framan
- Öryggispúðar í hliðum framsæta
- Öryggispúðagardínur í hliðum
- Stillanlegur hiti í framsætum
- Baksýnisspegill með sjálfvirkri dimmingu
- Rafknúnar rúður að framan og aftan
- Hálshnykksvörn í framsætum
- IPS öryggisbúnaður
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- Fjarstýrð samlæsing
- Þokuljós að framan
- Rafdrifin hæðarstilling á ökumannssæti
- Fjölstillanlegt stýri
- Geislaspilari

## Hægt að fá aukalega:

- Barnasetur í aftursæti
- Leðuráklæði
- Rafdrifin hæðarstilling á farþegasæti
- DVD spilari og skjár
- Rafdrifin sóllúga
- Sony hljómflutningstæki
- Upphitanlegt aftursæti
- Xenon gasluktir
- Þjófavörn
- Bakkskynjari
- Aðfellanlegir útispeglar
- Dökklitaðar rúður að aftan
- Leður/tau áklæði
- Loftkælanleg framsæti




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Nýttu haustuppskeruna
## Skoðaðu Ford Mondeo í bílaverslun Brimborgar



**Ford Mondeo Ghia 4 dyra 2,0i sjálfskiptur**
Kaupverð 2.430.000 kr.
Bílasamningur 25.270 kr.
Rekstrarleiga 45.160 kr.



**Ford Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i sjálfskiptur**
Kaupverð 2.490.000 kr.
Bílasamningur 25.900 kr.
Rekstrarleiga 46.200 kr.



**Ford Mondeo Ghia Wagon 2,0i sjálfskiptur**
Kaupverð 2.550.000 kr.
Bílasamningur 26.520 kr.
Rekstrarleiga 47.250 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.** Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# 99 kr. dagurinn



99 kr/stk.

Bast brauðkarfa 6 stærðir



99 kr/stk.

Röndóttur kertastjaki m/kerti



99 kr/stk.

Röndóttur kertastjaki m/kerti



99 kr/stk.

Bast brauðkarfa 6 stærðir



99 kr/stk.

Röndóttur kertastjaki m/kerti



99 kr/stk.

Drykkjarkanna hvít



99 kr/pk.

Mini tesett úr postulíni



99 kr/pk.

Segulstafir



99 kr/pk.

Leirsett



99 kr/stk.

Leikfangagítar



99 kr/stk.

Ökklasokkar



99 kr/pk.

Leikfangaskordýr



99 kr/pk.

Leikfangakíkir

Tilboðin gilda 13. september eða meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*


99 kr/pk.
BKI kaffi
99 kr/pk.
Holta kjúklingavængir
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg.
99 kr/stk.
Billy´s pan pizza
99 kr/stk.
Rjómaostur m/kryddblöndu
99 kr/pk.
Cascadian Farm morgunkorn
99 kr/stk.
MS þykkmjólk
99 kr/pk.
Myllu Fitty bollur
99 kr/pk.
Vaasar kanelsnúðar
99 kr/pk.
Mars Delight
99 kr/stk.
Baðbombur
99 kr/stk.
Egils Fjörþykkni
99 kr/kg.
Gul epli
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## „ORÐRÉTT“

*Höfum við heyrt þetta áður?*

**„Vandinn er sá að það skortir fé, bæði einkafjármagn og fjármagn frá Nýsköpunarsjóði.“**

**GUNNAR ÖRN GUNNARSSON,** FRAMKVÆMDASTJÓRI NÝSKÖPUNARSJÓÐS, UM PENINGA TIL NÝSKÖPUNAR. FRÉTTABLAÐIÐ.

*Bara vera á móti*

**„Ég er alls ekki á móti hugmyndasamkeppni í sjálfu sér, og finnst augljóst að slík alþjóðleg keppni eigi að fara fram [...] Það er tímasetningin sem ég set spurningamerki við.“**

**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON** UM FYRIRHUGAÐA HUGMYNDASAMKEPPNI UM VATNSMÝRINA. MORGUNBLAÐIÐ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐBJÖRG GLÓÐ LOGADÓTTIR KAUPMAÐUR

# *Breyttar áherslur með haustinu*

„Það er allt fínt að frétta, ég er á fullu að elda mat og starta vikunni,“ segir Guðbjörg Glóð Logadóttir, eigandi Fylgifiska, glaðbeitt.

Það er mest að gera hjá Guðbjörgu í upphafi vikunnar því þá er búðin tóm og það þarf að fylla á. „Við erum með alla anga úti til að ná í fisk. Við kaupum hann úti um allan bæ, þó aðallega frá framleiðendum sem geta séð okkur fyrir sem mestu úrvali af hráefnum. Við kaupum minna beint af mörkuðum eða bátum.“

Hráefnið stjórnar því fyrst og fremst hvað er á boðstólum hverju sinni í Fylgifiskum, en Guðbjörg segir erfiðast að verða sér úti um hráefni í lok kvótaárs í ágúst. „Við erum hins vegar að koma okkur út úr því um þessar mundir.“ Að hráefninu frátöldu er úrvalinu í búðinni lítil takmörk sett. „Þetta veltur allt á skapinu í okkur sjálfum,“ segir Guðbjörg. „Við þurfum að vera skapandi í uppskriftum og gæta þess að tapa ekki gleðinni.“

Úrvalið í búðinni breytist líka eftir árstíðum, til dæmis á haustin þegar fólk leggur grillinu. „Þegar heimilin komast í aðra rútínu breytum við auðvitað líka áherslum hjá okkur,“ segir Guðbjörg og mælir með pönnusteiktum þorski með pistasíum á vætusömum haustdegi.



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

## SJÓNARHÓLL

**KÓLUMBÍSKIR FLÓTTAMENN TIL LANDSINS**



**HÁKON LEIFSSON KÓRSTJÓRI**

# *Fagnaðarefni*

„Ég tek því bara fagnandi,“ segir Hákon Leifsson kórstjóri um komu þriggja fjölskyldna frá Kólumbíu til landsins. Flóttamennirnir fimmtán, þar af níu börn og unglingar, komu á vegum Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Í öllum þremur tilvikum er um fjölskyldur einstæðra mæðra að ræða. Hákon segist taka þeirri staðreynd ennþá meira fagnandi.

Hann er einnig á því að Íslendingar ættu að vera óhræddari við að taka við flóttamönnum þó margs þurfi að gæta. Hákon segir nauðsynlegt að gera mun á flóttamönnum og innflytjendum. Þó hann sé sáttur við innflytjendur verði fjölgun þeirra að eiga sér stað hægt og rólega eins og allar breytingar.

Þess má geta að aðrar þrjár kólumbískar fjölskyldur munu koma til landsins síðar í mánuðinum.

Fáskrúðsfjarðarmet:

# Aldrei fleiri í kaffisamsæti

Ætlað er að 700 til 800 manns hafi drukkið kaffi og gætt sér á meðlæti í félagsheimilinu Skrúði í Austurbyggð á laugardag. Nýopnuðum jarðgöngum milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar var fagnað en auk heimamanna komu nágrannar í suðri og norðri í kaffið.

Knattspyrnudeild Leiknis sá um veitingarnar og kom fjöldi manns að bakstri og uppáhellingu.

Steinþór Pétursson, sveitarstjóri í Austurbyggð, segir líklegt að aldrei hafi jafn margir drukkið saman kaffi í bænum og um helgina en Steinunn Elísdóttir, stjórnarmaður í knattspyrnudeildinni, bætir um betur og fullyrðir að nýtt met hafi verið sett á laugardag.

Á boðstólum voru perutertur, brúntertur, brauðtertur, heitir réttir, jógúrtkökur og kleinur og með var drukkið kaffi og djús. Þrátt fyrir þennan mikla gestafjölda var nóg til handa öllum.

**- bþs**





**HLÝTT Á Í ANDAKT** Kristján Hreinsson, Einar Kárason, Halldór Guðmundsson og Sigurður A. Magnússon voru meðal þeirra sem hlýddu á Mehmed Uzun og Margaret Atwood í Norræna húsinu í gær.

# Barinn brýnn á Bókmenntahátíð

***Fjöldi manns lagði leið sína í Norræna húsið og hlýddi á Mehmed Uzun og Margaret Atwood ræða um skáldverk sín á Bókmenntahátíð í hádeginu í gær. Alls taka þrjátíu skáld þátt í hátíðinni, þar af kemur 21 frá útlöndum.***

Þrátt fyrir slagviðri var troðið út úr dyrum í fundarsal Norræna hússins í hádeginu í gær og ekki auður stóll í sjónmáli.

Fjölbreyttur hópur fyllti salinn, en til dæmis mátti sjá glitta í Vigdísi Finnbogadóttur, Sigurð A. Magnússon, nafna hans Pálsson og Þorgrím Þráinsson. Þórarinn Eldjárn spjallaði við Uzun um verk hans en Árni Bergmann ræddi við Atwood. Góður rómur var gerður að þeim báðum, sérstaklega Atwood sem hreinlega vafði áheyrendum um fingur sér, jafn hnyttin í frásögn og hún var prúð í fasi.

Bókmenntahátíð setur nokkurn svip á menningarlíf borgarinnar um þessar mundir og í flestum bókabúðum er verkum þeirra sem taka þátt í henni gert hátt undir höfði. Það mæðir líka mikið á gestunum því upplestrar, viðtöl og kokkteilboð eru daglegt brauð.

En skáldin þurfa líka sínar tómstundir eins og aðrir og það veit Susan Thorpe, verkefnisstjóri hátíðarinnar. Hún hefur skipulagt dagskrá til að hafa ofan af fyrir þeim milli anna. „Flestir rithöfundarnir eru ánægðir með dagskrána, en það er alltaf einn og einn sem gerir aðeins meiri kröfur,“ segir hún en ljóstrar annars engu upp. Á morgun verða sagnameistararnir lóðsaðir um Þingvelli, Gullfoss og Geysi, en í farvatninu er meðal annars knattspyrnumót og ferð í Bláa lónið.

Bókmenntahátíð er ekki síst hugsuð til að mynda tengsl milli rithöfunda og útgefenda og til þess kemur kráin ekki síst að góðu gagni. „Á hverju kvöldi er bar hátíðarinnar opinn í Iðnó,“ segir Susanne. „Það hefur sýnt sig að hann gegnir jafnan mikilvægu hlutverki til að fólk kynnist. Það myndast strax afslappað andrúmsloft, ég tala nú ekki um eftir að menn hafa fengið sér drykk og eru orðnir góðglaðir.“



**SUSANNE THORPE** Segir skemmtilega stemningu myndast á bar hátíðarinnar.

Susanne segir stemninguna á barnum afar skemmtilega og umræðuna langt því frá bundna við bækur. „Nei, biddu fyrir þér. Fólk talar um allt milli himins og jarðar, hvort sem það er heimalandið, veðrið, pólitík eða fótbolti.“

**bergsteinn@frettabladid.is**





100% veðsetningarhlutfall
Frjáls íbúðalán
4,15%
4,15% verðtryggðir vextir
Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti
Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is
FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is
Himinn og haf/SÍA

Tilboðin gilda frá 8. til 14. september

# BT Heitasta fartölvan

*Ódýrasta fartölvan með DVD skrifara!*

**Örgjörvi Intel Celeron Mobile 1.4** Öflugur en jafnframt hagkvæmur örgjörvi byggður á orkusparandi Centrino tækninni.

**Gullna tölvan**
Allar Medion tölvur eru framleiddar samkvæmt ströngustu gæðastöðlum í Þýskalandi. Þá hafa Medion tölvur unnið til ótal verðlauna t.d. Gullnu Tölvuna

**DVD skrifari**
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskar rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana

**Þráðlaust net**
Innbyggt 54Mbps netkort, vélin dettur beint inn á þráðlausa netið - ekkert snúruvesen.

**MEDION**

MD95333

**MEDION X1 BLACK DRAGON**

- Intel® Celeron® M 360 örgjörvi
- 512MB DDR minni
- 40GB harður diskur
- DVD skrifari
- 802.11G 54Mbps þráðlaust net
- VGA tengi, 4x USB 2.0
- Lithium-Ion rafhlaða
- Þyngd 2,2 kg

*DVD skrifari!*

2,2 kg — *Ótrúlega létt aðeins 2,2 kg.*



15"

*2.165

8000kr. LÆKKUN

| 2.165* | 5.799 ** | 69.588 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

BT Bestu kaupin

Ekki láta hugbúnaðinn vanta! 799 ** 12 mán. vaxtal. m. fartölvu — Verð kr. 9.588 með fartölvu

Tveir bíómiðar á Deuce Bigalow European Gigolo fylgja á meðan birgðir endast

BÍÓMIÐI FYLGIR

***100 fyrstu sem kaupa DVD mynd með Rob Schneider fá bíómiða á Deuce Bigalow - European Gigolo!**

## Rob Schneider á DVD!

**The Animal**
Marvin dreymir um að verða lögga. Eftir alvarlegt slys eru sett líffæri úr öðrum í hann, en ekki endilega bara mönnum.
1.299 — BÍÓMIÐI FYLGIR

**Deuce Bigalow- Male Gigalow**
Deuce fattar að hann hefur upp á eitthvað annað að bjóða en að hreinsa fiskabúr allan daginn. Hans einu eign, kroppinn sinn!
1.299 — BÍÓMIÐI FYLGIR

**Hot Chick**
Jessica er vinsælasta og skemmtilegasta gellan í skólanum. Einn daginn vaknar hún upp í 30 ára karlmannslíkama! Rob Schneider fer á kostum...
1.299 — BÍÓMIÐI FYLGIR

# RISAplasmatilboð

Skerpa 10.000:1

HDTV READY

WIDE SCREEN

*Fallegur glerstandur!*

10 Fríar ÓDÝRARI DVD MYNDIR með þessum Plasma-tilboðum!



42" Plasmasjónvarp

Bassa BOX

Heima-bíókerfi

Fimm hátalarar

**MEDION®**

- Mynd í Mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmóttakarar
- 10.000:1 skerpa
- birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- HDCP stuðningur
- Innbyggðir víðóma hátalarar
- Vönduð ál yfirbygging
- Styður PAL/NTSC/SECAM
- DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi
- Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN)
- Þyngd án stands: 38kg
- Þyngd með standi: 42kg

---

Líftími 30.000 klst áður en dregur úr gæðum myndar. Miðað við 4 klst áhorf á dag þá er endingin 21 ár

14.999 **
Á MÁNUÐI Í 16 MÁNUÐI VAXTALAUST

239.984 STAÐGREITT

29.999 FYLGIR

## ÓDÝRARI DVD MYNDIR!

BÍÓMIÐI FYLGIR

Tveir bíómiðar á Deuce Bigalow European Gigolo fylgja á meðan birgðir endast




## KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða vegna sjúkdóma, örorku, andláts eða starfsloka.

Með KB Tekjuvernd er brúað bilið sem myndast milli núverandi ráðstöfunartekna þinna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir áföllum sem valda launamissi. Núverandi bótaréttur vegna sjúkdóma, örorku eða andláts er sýndur ásamt þeim greiðslum sem þú fengir með KB Tekjuvernd. Þú velur síðan þá vernd sem hentar þér best. KB Tekjuvernd auðveldar þér einnig að ákvarða starfslok þín á einfaldan hátt.

KB Tekjuvernd

Lífeyrir og bætur úr öðrum kerfum

### Greiðslur maka- og barnalífeyris vegna andláts




Tryggðu fjölskyldu þinni áframhaldandi tekjur ef þú fellur frá. Skoðaðu hvernig KB Tekjuvernd getur aukið verndina sem þú hefur í dag og veldu þá leið sem hentar þér best.

### Greiðslur lífeyris vegna alvarlegra sjúkdóma




Sjúkdómar gera ekki boð á undan sér. Ef þú færð alvarlegan sjúkdóm viltu ekki jafnframt þurfa að kljást við fjárhagsáhyggjur. Ákvarðaðu hversu miklar ráðstöfunartekjur þú þarft að hafa ef áfall ber að höndum og veldu þá vernd sem hentar þér best.

KB LÍF




## Kannaðu málið!

Bókaðu fund **hjá ráðgjafa** á **www.kbbanki.is**,
í síma **444 7000** eða í næsta útibúi KB banka.
Við reiknum út KB Tekjuvernd
miðað við þínar aðstæður.

### Greiðslur lífeyris vegna alvarlegrar örorku af völdum slysa eða sjúkdóma

KB Tekjuvernd sem miðast við 95% af ráðstöfunartekjum til 60 ára aldurs




Taktu saman yfirlit yfir þær greiðslur sem þér myndu berast vegna örorku og bættu við þeirri fjárhæð sem þú telur að myndi henta þér með KB Tekjuvernd.

### Greiðslur lífeyris við starfslok

Einstaklingur sem velur að fá greiddan út viðbótarlífeyrissparnað á 12 árum frá 65 ára aldri




Með því að sýna fyrirhyggju getur þú notið lífsins áhyggjulaus eftir að starfsævinni lýkur. Reiknaðu út hversu há eftirlaun þú vilt tryggja þér með hjálp KB Tekjuverndar.

KB BANKI

Allar persónutryggingar í KB Tekjuvernd koma frá KB lífi - KB Líftryggingar hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík

## SVONA ERUM VIÐ

Fjöldi örorkulífeyris- og örorkustyrkþega eftir aldri árið 2003

Heimild: HAGSTOFAN




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** SALA Á SKULDABRÉFUM Í ÍSLENSKUM KRÓNUM

# *Fjármagnið leitar uppi bestu ávöxtunina*

Undanfarið hafa borist fregnir af útgáfu og sölu erlendis á skuldabréfum í íslenskum krónum fyrir vel á þriðja tug milljarða króna. Sérfræðingar á fjármálamarkaði segja að fjárfestar telji vexti álitlega hér á landi og veðji jafnvel á að þeir eigi eftir að hækka enn.

**Hvert er sambandið milli vaxta og gengis?**

Setjum sem svo að einstaklingu sjái sér hag í að kaupa íslenskrar krónur fyrir eitt þúsund pund. Á gengi dagsins fengi hann 114.000 íslenskrar krónur. Hann gæti keypt skuldabréf fyrir krónurnar og notið hárra vaxta hér á landi sem gætu verið tíu prósent.

Eftir eitt ár á hann 125.400 krónur og gæti fengið fyrir þær 1.100 pund.

Ef á hinn bóginn gengi íslensku krónunnar félli á þessu eina ári þannig að pundið kostaði eftir gengisfellinguna 135 íslenskar krónur fengi hann aðeins 928 pund fyrir alla upphæðina með vöxtum.

Ef þessu er svona háttað hefur sá sem kaupir íslenskar krónur ekki hag af gengisfellingu.

**Hverjir bera áhættu og hverjir græða eða tapa?**

Erlend fjármálafyrirtæki geta gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með milligöngu íslenskra verðbréfafyrirtækja. Bréfin eru endanlega seld fjárfestum erlendis sem telja þau álitlegan kost til ávöxtunar. Einhvern tímann verður fjárfestirinn að skipta upphæðinni í íslenskar krónur þar sem skuldabréfið kveður á um það. Aukin eftirspurn eftir krónunni leiðir til þess að hún styrkist gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

Þeir sem gefa bréfin út eru í raun að fá lánaða peninga. Til þess að draga úr sinni áhættu kaupa þeir verðbréf, til dæmis ríkisskuldabréf, sem lúta svipuðum vaxtabreytingum og peningarnir sem þeir tóku upphaflega að láni.



Erlendi fjárfestirinn, sem keypti íslensku skuldabréfin og treystir á háa vexti á Íslandi, ber gengisáhættuna.

Hagfræðingar eru ekki sammála um áhrifin af þessu en hafa haft á orði að gengi íslensku krónunnar geti ekki hækkað endalaust.

## SPURT & SVARAÐ

■ REGLUR UM BIRTINGU DÓMA Á NETINU

# *Nöfn eru ekki aðalatriði*

Í haust ætla allir héraðsdómstólar að hefja birtingu dóma á netinu, en hingað til hefur aðeins einn nýtt sér tæknina með þessum hætti. Þar hafa nöfn málsaðila ekki komið fram og samkvæmt leiðbeiningum dómstólaráðs um netbirtingu á sá háttur að gilda víðar.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

SIGURÐUR LÍNDAL LAGAPRÓFESSOR

**Mælir eitthvað með því að birta ekki nöfn?**

Þetta hefur oft verið til umræðu, en þróunin hefur frekar verið að birta þau ekki. Mönnum finnst kannski óþægilegt að tengjast löngu liðnum málaferlum. Einhverjum gæti til dæmis þótt óþægilegt að vera orðaður við dóm, eftir að hafa lent í slysi sem hann átti ekki endilega sök á. Svo eru líka mál sem eru viðkvæm einkamál og réttarhald lokað. Þá eru nöfn aldrei birt.

**Hvað skiptir máli varðandi dómabirtingu?**

Þegar dómur er birtur eru nöfn ekki aðalatriði, heldur reglurnar sem verið er að vinna úr og móta. Í sjálfu sér er engin þörf á að birta nöfn til að dómur þjóni því upplýsingahlutverki sem hann á að gegna og það er nú eiginlega kjarni málsins.





„Það að vera með viðurkennda þekkingu á því sem ég starfa við skiptir mig og mitt fyrirtæki öllu máli. Þar sem ég bý á Stykkishólmi þá hentaði þessi kennslutími mér einnig frábærlega. „

Sumarliði Ásgeirsson
(Fyrrv. matreiðslumaður)
MCP - MCSA & Kerfisfræðingur NTV

**Frábært nám með vinnu!**

MCSA námið er spennandi kostur fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa.

Markmiðið með náminu er að nemendur geti að námi loknu tekið þau fjögur alþjóðlegu próf sem þarf til að öðlast MCSA gráðuna og eru þau öll innifalin í námskeiðsgjaldi.

**Inntökuskilyrði**

Þeir sem hyggja á þetta nám þurfa að hafa góða þekkingu og skilning á Windows umhverfinu, þekkja vel innviði PC tölvunnar. Allt kennsluefni er á ensku.

Kennt er laugardaga frá 13-17 & sunnudaga 8:30-16
flestar helgar* frá 17. sept. til 22. jan.
*nánari upplýsingar á ntv.is

ntv.is

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS




# Lambakjötsmarkaður í langþráðu jafnvægi

**Í fyrsta sinn í áratugi eru ekki til birgðir af eldra lambakjöti í upphafi sláturtíðar. Bændur eru bjartsýnni en áður á framtíð greinarinnar og huga sumir hverjir að framleiðsluaukningu. Þar spilar einnig inn í niðurskurður vegna riðu og brotthvarf úr greininni.**

Lambakjötsfjallinu hefur verið útrýmt og því ný staða komin upp fyrir sauðfjárbændur, sem hingað til hafa á haustin þurft að keppa við eldra kjöt frá fyrri sláturtíð. Nokkuð hefur verið rætt um betri kjör sem bændum standa til boða hjá sláturhúsum og kjötvinnslum landsins og jafnvel talað um að bændur hafi fengið staðgreidd lömb af fjalli, en það þykir fáheyrt. Þá var undir sumarlok jafnvel látið að því liggja að yfirvofandi væri kjötskortur í landinu.

**Smátitringur í sumar**

„Kjötskorturinn er nú orðum aukinn,“ segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda og Markaðsráðs kindakjöts. „Sláturtíðin er hafin þannig að nýtt kjöt er komið á markað og enginn kjötskortur. Staðan er þannig núna og frábrugðin því sem við höfum átt að venjast síðust áratugi að við liggjum ekki með birgðir af eldra kjöti í upphafi sláturtíðar.“ Hann segir vart hafa verið við smátitring í sumar vegna þess að sala á lambakjöti hafði verið mjög góð og fyrirséð að mjög lítið, eða jafnvel ekkert, kjöt yrði til í upphafi sláturtíðar. „En þetta small nú allt saman, sem er hið allra besta mál. Það getur eiginlega ekki verið meira jafnvægi á markaðnum, 2004-kjötið er búið og nýtt kjöt að flæða inn á markaðinn.“

**Vilja enga sprengju**

Þá segir Özur að sauðfjárbændur hafi fengið ákveðna leiðréttingu á kjörum sínum núna í haust. „Sláturleyfishafar sáu sér fært að hækka skilaverð til bænda núna. Staðan er betri á öllum vígstöðvum,“ segir hann en hækkunin á dilkakjöti til bænda nemur ellefu prósentum. „Þetta er ágætt, en auðvitað verður samt að taka mið af því að ellefu prósent ofan á lítið er ekki há tala, því þeir voru náttúrlega ekki að fá miklar upphæðir fyrir. Samt sem áður er þetta í rétta átt og miklu jákvæðari andi yfir bændum núna en verið hefur um langt skeið. Horfurnar eru betri.“



ÖZUR LÁRUSSON

Özur segir heldur hafa fækkað í sauðfjárstofninum á þessu ári vegna mikils riðuniðurskurðar í Árnessýslu. „Einhverjir bændur setja væntanlega meira á, en við vitum ekki til þess að það sé samt nein stórkostleg aukning.“ Hann segir þó ákveðna umræðu hafa verið um það meðal bænda að auka þurfi framleiðsluna. „Bæði er það vegna aukinnar neyslu, orðinnar fækkunar og svo hafa margir verið að bregða búi,“ segir hann en áréttar að fara þurfi varlega í alla aukningu. „Það má ekki verða nein sprengja. Við erum í góðu jafnvægi og viljum halda því.“

**Bjartara yfir bændum**

Jóhannes Sveinbjörnsson, sauðfjárbjóndi á Heiðarbæ í Þingvallasveit og formaður Félags sauðfjárbænda í Árnessýslu, játar því að heldur bjartara sé yfir sauðfjárbændum en oft áður. „Síðustu ár hefur pressan á verð verið niður á við fremur en hitt og við í fyrsta skipti núna í þeirri stöðu að eftirspurn er meiri en framboðið,“ segir hann og fagnar því að menn skuli vera lausir við að hafa birgðir af kjöti að hausti. „Hingað til höfum við ekki verið í neinni aðstöðu til að halda verðinu í takt við

**ÞRÓUN KJÖTSÖLU 1985-2004:**

| Ártal | Neysla á mann á ári | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Lambakjöt | Nautakjöt | Svínakjöt | Kjúklingur | Hrossakjöt |
| 1985 | 43,4 kg | 10,7 kg | 6,6 kg | 6,3 kg | 3,3 kg |
| 1990 | 33,8 kg | 11,2 kg | 9,9 kg | 5,5 kg | 2,6 kg |
| 1995 | 26,7 kg | 11,8 kg | 12,2 kg | 6,4 kg | 2,5 kg |
| 2002 | 22,4 kg | 12,8 kg | 20,1 kg | 15,0 kg | 1,6 kg |
| 2004 | 24,7 kg | 12,4 kg | 18,7 kg | 17,9 kg | 2,0 kg |

*Heimild: Hagtölur landbúnaðarins 2005

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 6.45 | 13.24 | 20.01 |
| AKUREYRI 6.27 | 13.08 | 19.48 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

**heilsa** o.fl.
**E-VÍTAMÍN**
Lengir líf músa BLS 3



**brúðkaup** o.fl.
**ÓVÆNT BRÚÐKAUP**
Útskriftarveislan breyttist í brúðkaupsveislu. BLS 6



FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.


*Góðan dag!*
**Í dag er þriðjudagur 13. september, 256. dagur ársins 2005.**




## SMÁAUGLÝSINGAR


**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Þór Tulinius notar stundum tækjasalinn í Borgarleikhúsinu til að halda sér í formi.

# Gönguferðir og hugleiðsla besta heilsuræktin

***Þessa dagana ræktar Þór Tulinius líkamann með því að æfa og leika einleikinn Manntafl.***

Þór Tulinius leikari hugar að heilsunni með ýmsum hætti. „Ég reyki ekki, ég fer í göngutúra, við hitum vel upp í leikhúsinu og þar er líkamsræktarstöð sem ég gríp til öðru hvoru. Það besta sem ég geri er hins vegar þegar ég dríf mig að hjóla í vinnuna en ég er ekki alveg nógu duglegur við það," segir Þór. „Það hafa komið tímar þegar mikið er að gera hjá mér og skyndibitastaðirnir freista en nú nýt ég dyggrar aðstoðar Rebekku Ránar, sambýliskonu minnar, til að færa mataræðið í betra horf. Það er algert lykilatriði að forðast skyndifæði."

Þór prófaði að fasta síðasta vetur og fannst það athyglisverð reynsla. „Ég fór í níu daga sítrónuföstukúr, það var svolítið ýkt en mjög gaman. Ég sá svo sem engar sýnir en líðanin var óneitanlega sérkennileg, fyrst vond og svo góð. Mér fannst ég hreinsast og verða skýrari og það er ákveðin endurfæðing í þessu ef maður gerir þetta rétt. Aðalvesenið var svo að passa að háma ekki í mig þegar ég byrjaði aftur að borða."

Þessa dagana er vinnan hans Þórs þó helsta líkamsræktin en hann frumsýnir á sunnudaginn einleikinn Manntafl í Borgarleikhúsinu. „Það er rosaleg líkamsrækt að vera í einn og hálfan til tvo tíma einn á sviði og ég verð að segja að maður svitnar ansi mikið og brennir miklu. Í þessum einleik, sem er byggður á magnaðri sögu Stefans Zweig og er ótrúlega spennandi eins og góð skákeinvígi geta verið, leik ég að auki margar persónur, sem er ennþá erfiðara."

Þór segist ekki nota skákina sjálfur til að rækta andann. „Ég reyni hins vegar að sinna andlegu heilsuræktinni með því að hugleiða. Þegar ég passa að hugleiða líður mér rosalega vel, bæði andlega og líkamlega."

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ HEILSA - BRÚÐKAUP ]**

**Morgunverðurinn** er mikilvægasta máltíð dagsins og nú hefur vísindamönnum enn einu sinni tekist að sýna fram á ágæti þess að borða góðan morgunverð. Ný bandarísk rannsókn hefur leitt í ljós að góður morgunverður hjálpar fólki að halda sér í kjörþyngd. Fylgst var með 2.400 stúlkum á aldrinum 9 til 19 ára í tíu ár. Stúlkur sem borðuðu morgunmat, hvernig sem hann var samsettur, höfðu lægri líkamsmassastuðul en þær sem engan borðuðu. Stuðullinn var lægstur hjá þeim sem borðuðu kornmat. Þeir sem vilja halda sér í formi ættu því aldrei að sleppa morgunmatnum.




**Sjúkraflutningaskólinn** opnaði nýja heimasíðu á dögunum. Á síðunni er hægt að nálgast allar upplýsingar um nám í skólanum, sem rekinn er í samstarfi við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Um leið og síðan var opnuð var greint frá því að Sjúkraflutningaskólinn og FSA hefðu hlotið styrk frá Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins til verkefnis um sjúkraflutninga og þjónustu á dreifbýlum svæðum. Þátttökulöndin þrjú eru Ísland, Svíþjóð og Skotland. Slóðin á nýju heimasíðuna er www.ems.is.

**Brúðkaupsþjónusta Garðheima** býður upp á alls konar þjónustu fyrir verðandi brúðhjón. Þar er hægt að fá mikið úrval af blómum og skreytingum. Garðheimar reka einnig leigu með ýmsum munum fyrir veisluna. Hægt er að leigja plöntur, silkiblómaskreytingar, rósaboga, slaufur á stigahandrið, kertastjaka, styttur og jafnvel gosbrunna svo fátt eitt sé nefnt.


SEPTEMBER

Kafbátur mánaðarins

Kalkúnsbringa og skinka ...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

Gildir í september 2005
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli

6 tommu bátur kr. 299

12 tommu bátur kr. 499



SUBWAY

**Vítamín og bætiefni**
eru holl og góð fyrir mann. Þau eru samt með ýmsum virkum efnum sem geta haft áhrif á annað en bara það að láta þér líða vel, til dæmis dregið úr virkni ýmissa lyfja.
























FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þorgerður Sigurðardóttir sjúkraþjálfari hefur unnið með konum með þvagleka í ein tólf ár.

# *Hefur áhrif á lífsgæði kvenna*

***Talið er að minnsta kosti þriðja hver kona finni til þvagleka einhvern tíma ævinnar. Þegar þvaglekinn er orðið að vandamáli truflar það líf kvenna þar sem margar þeirra draga sig úr öllu félagslífi og einangrast. Rannsóknir sýna hins vegar að mjög hátt hlutfall kvenna getur náð tökum á þessum málum með aðstoð.***

„Aukin líkamsvitund er fyrsta skrefið í að takast á við vandamálið,“ segir Þorgerður Sigurðardóttir, sjúkraþjálfari hjá Tápi, sem unnið hefur með konum með áreynsluþvagleka í ein tólf ár og hefur sérhæft sig á því sviði.

„Hjá meirihluta kvenna fara þessi vandamál að gera vart við sig eftir fæðingar, en það er mjög persónubundið,“ segir Þorgerður. Hún bendir jafnframt á að hjá sumum konum geri vandamálið vart við sig á unglingsárum þar sem stúlkur missa þvag við hlátur eða hlaup. „Ég vil meina að það sé mjög æskilegt að stúlkur geri sér grein fyrir að þarna hafa þær vöðva sem þær hafa stjórn á og ættu að vera meðvitaðar um að þarna geta þær haft áhrif. Það er hægt að fyrirbyggja þvaglekann með því að auka fræðsluna og koma henni á eðlilegra plan,“ segir Þorgeður.

Þvagleki getur verið frá nokkrum dropum upp í að blaðran tæmist alveg, og um leið og það er farið að trufla líf kvenna er það orðið að vandamáli. „Konur treysta sér þá ekki á meðal fólks, þar sem áreynsla fer fram, hætta að dansa eða fara jafnvel ekki í leikhús þar sem þær gætu misst þvag við að hlæja,“ segir Þorgerður.

Hún segir það mjög algengt að konur sætti sig við þetta og telji að ekkert sé hægt að gera. Flestum konum er hins vegar hægt að hjálpa, burstéð frá því hvað vandamálið er stórt eða hversu lengi það hefur varað. „Rannsóknir hafa sýnt að 70 til 80 prósent kvenna geta náð bata með aðstoð,“ segir Þorgerður.

Hún hefur í ein sjö ár kennt námskeið fyrir konur með áreynsluþvagleka, sem kemur til vegna veikleika í grindarbotnsvöðvunum. „Námskeiðið setti ég saman að norskri fyrirmynd og hefur það gefið góðan árangur. Þvagleki er ein aðalástæða þess að konur hætta í líkamsrækt og er þetta góð leið til að koma þeim aftur af stað,“ segir Þorgerður. Námskeiðið segir hún að hluta til byggja á fræðslu þar sem fræðsla sé fyrsta skrefið í bata.

Þorgerður telur það afar mikilvægt að talað sé um þetta vandamál þar sem þetta sé hálfgert feluvandamál. Nýjasta könnunin sem unnin hefur verið sýnir að 40% kvenna á Íslandi á aldrinum 30 til 75 ára þjáist af þvagleka. Hins vegar séu það mun færri sem leiti sér hjálpar og alltof margar konur virðast ekkert aðhafast. „Sjúkraþjálfun og æfingar ætti að vera fyrsta meðferð áður en farið er í skurðaðgerðir og annað, því það hefur engar slæmar aukaverkanir,“ segir Þorgerður.

„Í flestum tilfellum finna konur mun á tveimur mánuðum en það er mjög misjafnt. Það getur hins vegar tekið tíma að koma sér í almennilegt form þar sem grindarbotnsvöðvarnir eru mjög þunnir og bæta hægt á sig, og í sumum tilfellum erum við að tala um áratuga vanrækslu. Líkamsvitund skiptir þó miklu máli og um leið og konur gera sér grein fyrir líkama sínum ná þær smá árangri,“ segir Þorgerður.

kristineva@frettabladid.is

# Orsakir lystarstols

***Truflun á efnahvörfum í heila gæti verið orsök lystarstols.***

Vísindamenn við háskólann í Pittsburgh í Bandaríkjunum hafa nú fundið nýjar vísbendingar um orsakir átröskunarsjúkdómsins lystarstols (anorexia nervosa). Þeir telja að rekja megi sjúkdóminn til truflana á efnahvörfum í heila. Segja vísindamennirnir að breytingar á efninu serotonin, sem tengist geðsveiflum og kvíða, geti leitt til lystarstols.

Þessi uppgötvun hefur vakið töluverða athygli og nú vonast menn til þess að hægt sé að nota niðurstöðurnar til að þróa ný lyf og ný meðferðarúrræði við sjúkdómnum.

Lystarstol er í raun geðsjúkdómur og eru helstu einkennin þau að sjúklingurinn óttast að hann sé of feitur og sveltir sig því.


Lystarstol er alvarlegur sjúkdómur.

**Mataræði }**

## Borðar þú rétt?

MANNELDISRÁÐ VEITIR SVÖR VIÐ ÞVÍ.


Mikilvægt er að neyta fæðu úr öllum fæðuflokkum.

Á heimasíðu Manneldisráðs og Lýðheilsustöðvar er að finna góðar upplýsingar um heilbrigt mataræði. Á síðunni er líka próf sem hægt er að þreyta til að athuga hversu vel maður stendur hvað mataræði varðar. Prófið er sett saman úr nítján spurningum og reiknað er út hvort maður borði rétt hlutfall af hverri fæðutegund. Slóðin er: *www.lydheilsustod.is.*

SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

## Hvers vegna líkamsrækt?

**Ávinningur líkamsræktar:**

Þú lifir lengur ef þú stundar reglubundna líkamsþjálfun.
Heilsa þín er betri þegar þú virkir líkamann á skipulagðan hátt með þjálfun.

Lundin er léttari. Til dæmis hafa nýlegar rannsóknir sýnt fram á að skipulögð líkamsrækt hefur jafngóð eða betri áhrif en lyf á þá sem þjást af vissum tegundum þunglyndis.
Virkar fyrirbyggjandi á alvarlega sjúkdóma eins og krabbamein, hjarta- og æðasjúkdóma, og einnig gigt og beinþynningu.

Styrkir ónæmiskerfi verulega þannig að þú veikist síður.

Eykur sjálfsöryggi, Þar sem þú lítur betur út og líður miklu betur.
Auðveldar þér að ná markmiðum þínum í daglegu lífi.

Auðveldara að breyta um mataræði.
Þú sefur betur og hvílist betur.
Í síðustu viku lofaði ég að koma með hollráð sem nær að tryggja árangur í líkamsrækt. Ef þú ferð eftir því sem kemur hér á eftir, og því sem kemur á næstu vikum, eykur það verulega líkurnar á því að þú byrjir í líkamsrækt, haldir áfram og náir þeim árangri sem þig langar til, sem aftur leiðir til þess að líklegra er að þú haldir áfram.

**1)** Ef þú ert haldinn einhverjum sjúkdómi eða kvilla eða jafnvel ef þig grunar það, er best að þú byrjir á því að fara til læknis og fá úr því skorið þar hvort skynsamlegt sé að byrja af fullum krafti eða hvort ráðlegra sé að taka því rólega til að byrja með.

**2)** Taktu ákvörðun um að fara í líkamsrækt, ekki einhvern skyndikúr heldur til að breyta þér til frambúðar, sem tekur lengri tíma. Það gerir þú einna helst með því að setja þig framar í forgangsröðina en þú hefur ef til vill gert hingað til.

**3)** Taktu stöðuna eins og hún er núna, lágmarkið er þyngdar-, fitu- og ummálsmæling.

**4)** Þú verður að skipuleggja þig því tíminn er það sem þú hefur minnst af. Með skipulagningu og markmiðasetningu nærð þú hámarksárangri á lágmarkstíma. Þannig minnkar þú líkurnar á því að gera sömu mistökin aftur og aftur, eins og okkur hættir til að gera, heldur lærir þú af þeim og árangurinn margfaldast.
Meira í næstu viku...

Þetta og önnur hollráð er einnig að finna á vefsvæði Heilsuráðgjafar www.heilsuradgjof.is



**Sölvi Fannar Viðarsson**
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.

# *Húsverkin hjálpa til*

***Þeir sem þjást af of háum blóðþrýstingi ættu að vera duglegir við heimilisstörfin.***

Háþrýstingur getur verið mikið vandamál. Þeir sem þjást af of háum blóðþrýstingi hafa hingað til verið hvattir til þess að hreyfa sig reglulega þar sem góð líkamsrækt heldur blóðþrýstingnum í skefjum. Nú hefur ný bandarísk rannsókn leitt í ljós að lítilsháttar hreyfing eins og fæst út úr hefðbundnum heimilisstörfum getur gert gæfumuninn. Þetta eru góðar fréttir fyrir þá sem eru með háþrýsting en geta einhverra hluta vegna ekki stundað hefðbundna líkamsrækt.

Í rannsókninni var fylgst með 28 einstaklingum á aldrinum 42 til 63 ára sem allir voru með of háan blóðþrýsting. Þeir voru beðnir um að brenna 150 hitaeiningum á tólf klukkustundum með því að vinna heimilisstörf. Í ljós kom að fjögurra klukkustunda vinna við heimilisstörf eins og að skúra gólfið, hengja upp þvott, þvo bílinn og pússa glugga lækkaði blóðþrýstinginn verulega og áhrifanna gætti í nokkrar klukkustundir eftir að verkinu lauk.



Það getur verið ágæt líkamsrækt að ryksuga stofuna.

# E-vítamín lengir lífið

**Stórir skammtar af e-vítamíni hafa góð áhrif á heilsuna.**

Ný spænsk rannsókn sýnir að dagleg neysla e-vítamíns í stórum skömmtum lengir lífaldurinn og gefur aukna orku, alla vega hjá músum. Vísindamenn gáfu músum stóra skammta af e-vítamíni daglega og í ljós kom að mýsnar lifðu lengur og voru orkumeiri í ellinni en aðrar mýs.
Þetta kemur ekki sérlega á óvart því áður hafði bandarísk rannsókn á rottum gefið svipaðar niðurstöður. Í ljós kom að e-vítamínið hafði víðtæk áhrif á heilastarfsemi dýranna. Heilinn virtist vinna hraðar og líkaminn var orkumeiri. Þótt mýsnar hafi öðlast lengra líf er ekki þar með sagt að e-vítamín hafi sömu áhrif á menn. Læknar og vísindamenn telja hæpið að inntaka e-vítamíns í stórum skömmtum lengi lífið. Það sakar samt ekki að prófa. E-vítamín er bráðhollt og hefur ýmis góð áhrif á heilsuna, veitir viðnám gegn hjartasjúkdómum og hraðar á frumuskiptum svo fátt eitt sé nefnt. E-vítamín er best að fá úr fæðunni, til dæmis úr fræjum og kornmat. Það er erfitt að taka inn of mikið af e-vítamíni og því skaðlaust að innbyrða það í stórum skömmtum. Svo er bara að bíða og sjá hvað maður lifir lengi.



Þessi litla mús gæti átt langa ævi framundan ef hún er dugleg að taka e-vítamínið sitt.

LUTEIN EYES 24mg
Styrkir augnbotnanna og gott fyrir sjónina
Sendum í póstkröfu
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn.is
Útsölustaðir m.a: Yggdrasil, Fjarðarkaup, Maður lifandi, Lífsins lind -Hagkaup, Lyfjaval og Árnes apotek Selfossi.

Epli á dag
kemur línunum í lag
AppleSlim Xtra stuðlar að heilbrigðri meltingu, örvar niðurbrot fitubirgða, dregur úr vökvasöfnun og sykurlöngun.
Náttúruleg innihaldsefni:
Eplaedikskraftur, vítamín og steinefni ásamt öflugum sindurvörum.
AppleSlim Xtra árangursrík leið til að grennast
Fæst í apótekum

GRÆNMETIS NÁMSKEIÐ SOLLU
Á námskeiðinu kennum við:
- skynsamlega leið til að breyta mataræði hægt og rólega
- að útbúa fljótlega, gómsæta & næringarríka rétti með heilsusamlegum eldunaraðferðum
- hráfæðisval
- hvernig meðhöndla á grænmeti, ávexti, tófú, baunir, korn & annað heilsuhráefni
- heilsusamlega eftirrétti
- að útbúa innkaupalista
- að kaupa inn
Kennari er Sólveig Eiríksdóttir
Námskeiðið er eitt kvöld frá kl 18.30 - 23.00.
Námskeiðsdagar í boði:
27. sept. / 4. okt. / 10. okt.
Verð 5.900 kr. Skráning í síma 821 4608 eða á solla@himneskt.is
HIMNESK HOLLUSTA

Ýsa í ostakarrý
Fiskbúðin Álfheimum Álfheimum 4 553 8090
Fiskbúðin Reykjavíkurvegi Reykjavíkurvegi 68 564 2783

bailine
NÝTT á Íslandi
Bailine vaxtarmótunarmeðferð
Eru línurnar vandamál?
Við bjóðum þér upp á ÓKEYPIS PRUFUTÍMA í tölvustýrðu þjálfunartæki á meðan þú liggur og slakar á í notalegu umhverfi.
Viltu grenna þig og minnka ummálið, nú hefur þú tækifærið.
Hringdu núna í síma 568 0510 og kynntu þér málið.
Þú hefur engu að tapa nema sentimetrum.
Fyrir konur 18 ára og eldri.
Vegmúli 2 108 Reykjavík sími 568 0510 www.bailine.is

Gallery fiskur
Í verslun
Úrval nýrra og góðra fiskrétta lagaða úr fersku grænmeti og nýjasta fiskinum m.a.:
Rauðspretta með mozzarella, tómötum og basil á risotto
Lúða í grænpiparsósu
Saltfiskréttir
auk mikils úrvals af ferskum fiski í flökum og steikum
Opið í veitingahúsi öll kvöld nema sunnudaga
Veitingahús: mán.-fös. 11:30-15:00 & 18:00-22:00, lau. 18:00-22:00
Verslun: mán.-fös. 10:00-18:30
Nethylur 2, 110 RVK. S: 587 2882
www.galleryfiskur.is

Futurebiotics
LIÐAMÓTIN í lag
Mýkir liðina og byggir upp brjósk
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI
GLUCOSAMINE CHONDROITIN COMPLEX
Fæst í apótekum, heilsubúðum og matvöruverslunum

Kjarnahvítlaukur
100% HREINN
Hvítlaukur
Kjarnahvítlaukur inniheldur engin íblöndunarefni né rotvarnarefni.
Kraftur hvítlauksins hefur verið kunnur í aldaraðir og hann vinnur meðal annars á bakteríum sem önnur lyf virka ekki á.
Fæst í marvöruverslunum, heilsuvörubúðum og apótekum

1 MÁNAÐAR ORKUPAKKI
21 vítamín og steinefni
FJÖREFNI
EXTRA STERKT GINSENG & GINKGO
60 TÖFLUR
Eflum einbeitingu og þrek með kjarnmiklu fjörefni
Fjörefni er ný bætiefnaformúla sem inniheldur auk vítamína og steinefna, öflugan skammt af ginkgo og ginseng.
náttúrulega
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi
KRAFTAVERK

**Streita** Þótt mikið hafi gengið á í brúðkaupsundirbúningnum skalt þú ekki láta streituna eyðileggja fyrir þér daginn. Um leið og brúðkaupsdagurinn rennur upp ættu brúðhjónin alveg að hætta að skipta sér af undirbúningnum og njóta dagsins áhyggjulaus.



## Ekki hlæja að eigin bröndurum

ÞAÐ GETUR VERIÐ FÍNSTIGINN VEGUR AÐ GERA GÓÐA BRÚÐKAUPSRÆÐU.

Fyrsta reglan er að vera ekki rosalega svöl/svalur og segja bara eitthvað óundirbúið. Það er engin ástæða fyrir því að ætla að allt verði ómögulegt ef þú undirbýrð þig vel.

### Vertu undirbúin(n)

Það getur verið mjög erfitt að koma fram blaðlaust þegar stressið fer að segja til sín. Trúðu því að það mun ofsækja þig milli svefns og vöku ef þú koksar á einum mikilvægasta degi einhvers sem þér þykir vænt um.

### Þekktu salinn

Þú mátt ekki gleyma því að þú ert bæði að tala til brúðarinnar og brúðgumans. Þótt þú þekkir annan aðilann miklu betur er engin ástæða til að drepa ættingja hins úr leiðindum á meðan.

### Farðu fínt í brandarana

Með hæfilega mörgum bröndurum býrð þú til góða ræðu. Mundu bara að með aðeins of fáum bröndurum gerir þú sæmilega ræðu en of margir brandarar gera hræðilega ræðu. Passaðu þig líka að hlæja ekki að eigin bröndurum í ræðunni.

### Ekki teygja lopann

Þótt þér liggi mikið á hjarta skaltu ekki tala of lengi. Ef þú ætlar að slá í gegn verður ræðan að vera hnitmiðuð. Ekki heldur reyna að nefna allt of mörg atriði. Veldu færri og skýrðu þau betur.

# Brúðarvals í stað tónleika

***Hjördís Ósk Hjartardóttir og Baldur Páll Guðmundsson giftu sig í fyrrasumar. Það þykir kannski ekki í frásögur færandi nema kannski vegna þess að fyrir utan fáa útvalda vissi enginn af brúðkaupinu og þeir gestir sem mættu voru þangað komnir til að fagna útskrift Hjördísar úr hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.***



Hjördís og Baldur á brúðkaupsdaginn, alsæl eftir að hafa komið öllum á óvart.

„Við erum fólk sem er gefið fyrir óvæntar uppákomur,“ segir Hjördís. „Mig langaði til að halda flotta útskriftarveislu og svo langaði okkur til að slá tvær flugur í einu höggi og hafa þetta óvænt. Við buðum til veislunnar um eftirmiðdaginn og við lokkuðum fólk til að mæta á réttum tíma með því að segja þeim að Stebbi og Eyvi, sem sungu í athöfninni, myndu byrja að spila klukkan sex og ég hef aldrei orðið vitni að jafn stundvíslegri mætingu.“ Veislan var haldin í garðinum hjá foreldrum Baldurs, veðrið var eins og best var á kosið og mætingin góð fyrir utan eina vinkonu Hjördísar sem var stödd erlendis þennan dag. „Hún fékk að skoða myndbandið af brúðkaupinu en ég fæ reglulega að heyra það frá henni.“

Skötuhjúin höfðu sagt foreldrum, systkinum og bestu vinum frá þessu fyrirfram og nutu aðstoðar þeirra við skipulagninguna á deginum. Aðrir veislugestir höfðu enga hugmynd um hvað stóð til. „Það héldu allir að ég væri í myndatöku vegna útskriftarinnar. Vinafólk okkar sá um veislustjórnina, og rétt fyrir vígsluna tilkynntu þau að nú væri fjörið að færast niður í garð og tónleikarnir að hefjast. Þar stóð svo Baldur við lítið altari sem við létum gera og svo byrjaði brúðarvalsinn öllum að óvörum.“

Hjördís segir að þau hafi haft nokkrar áhyggjur yfir því að veislan yrði ekki nægilega fjörug þar sem undirbúningurinn var ekki mikill en þær áhyggjur reyndust ástæðulausar. „Það voru margir sem héldu ræður og þær sem þær voru óundirbúnar voru þær svo beint frá hjartanu. Okkur fannst þetta æðislegt og mjög persónulegt, við fórum í leiki og karlakórinn Þröstur kom og söng.“ Sumir gestanna virtust þó alls ekki vera búnir undir slíka uppákomu. „Einn maður mætti í veisluna í hversdagsfötum og eftir vígsluna fór hann heim og skipti um föt. Hann fór alla leið úr Hafnarfirði út á Nes til að skipta yfir í íslenska þjóðbúninginn,“ segir Hjördís og hlær.

Hún segir að þeim hefði aldrei tekist að hafa daginn svona yndislegan nema með hjálp foreldra og systkina og voru bæði Hjördís og Baldur hæstánægð með daginn. ■

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Síminn

FYNDNIR
FJÓRA DAGA VIKUNNAR

Strákarnir mánudaga til fimmtudaga kl. 20:00



GOTT FÓLK McCANN

## Klíptu brúðina og gifstu á afmælisdegi hans

ÝMSAR HEFÐIR OG HJÁTRÚ FYLGJA BRÚÐKAUPSDEGINUM OG UNDIRBÚNINGI HANS. HÉR ERU NOKKRAR ÞEIRRA SEM VONANDI KOMA AÐ GAGNI SVO AÐ GIFTINGARDAGURINN VERÐI ÁFALLALAUS OG FRAMTÍÐIN HAMINGJURÍK.

- Gömul hjátrú segir að það brúðhjónanna sem er fyrra til að festa kaup á einhverjum hlut eftir vígsluna muni verða ráðandi aðilinn í sambandinu. Til að tryggja sér ráðin má kaupa smáhlut af brúðarmeyjunum fyrir slikk strax að lokinni athöfn.
- Til að tryggja að búið verði aldrei matarlaust skal hafa brauðmat við höndina þar sem brúðarhjónin eyða brúðkaupsnóttinni.
- Að fara með heitin þegar stóri vísirinn á klukkunni er á uppleið er tákn um að hjónin munu vinna saman í hjónabandinu. Sé hann á niðurleið getur það boðað ógæfu.
- Það er hollenskur siður að gróðursetja furutré í garði nýgiftu hjónanna, sem tákn fyrir frjósemi og heppni í hjónabandinu. Þetta er einnig gert í Bermúda en þá er trénu plantað meðan á veislunni stendur.
- Ástæðan fyrir því að svo margir giftast í júní á rætur sínar að rekja til 15. og 16. aldar. Þá var maí sá mánuður sem fólk fór í sitt árlega bað og var það eina almennilega baðið sem fólk fór í á árinu. Þess vegna lyktaði fólk þolanlega í júnímánuði. Það lyktaði vel til giftinga.
- Það er talin mikil gæfa fyrir brúði ef hún mætir sótara, svörtum ketti, lambi eða dúfu á giftingardaginn. Enn betra er ef hún finnur könguló í brúðarkjólnum sínum.
- Í Egyptalandi er sá siðurinn að foreldrar brúðhjónanna færa þeim mat í heila viku eftir brúðkaupið svo hjónakornin geti sinnt „öðrum málum“.
- Í Egyptalandi er einnig sá siður að klípa brúðina giftingardaginn til að færa henni lukku.
- Sérstök gæfa á að fylgja því að giftast á afmælisdegi brúðgumans. Hvort gæfan sé þá sú að eiginmaðurinn man eftir brúðkaupsafmælum skal látið liggja á milli hluta.



Á brúðkaupsdaginn viljum við að allt gangi snurðulaust.

- Það boðar ógæfu ef brúðurin æfir ganginn inn kirkjugólfið. Margar konur hafa staðgengil við æfinguna.
- Ef brúðurin grætur á brúðkaupsdaginn munu það vera síðustu tárin sem hún fellir yfir hjónabandinu.
- Þegar brúðhjónin hafa skálað fyrir sameiginlegri framtíð sinni ættu þau að brjóta glösin til að tryggja að þau verði aldrei notuð í betri tilgangi.

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

## Snyrting



**Er húðin þurr?**
Djúpnæring með hljóðbylgjum. 1/2 klst kr. 2.900- Greifynjan Hraunbæ 102, sími 587 9310.

## Spádómar




**Alspá 908-6440**
Orkulaus? óþarfi. Nýjar leiðir, miðlun og huglækningar. 10-22. Y.Carlsson.

Spásíminn 908-5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Er byrjuð að spá eftir langt hlé. Tek fólk heim, ræð einnig drauma, gef góð ráð, engar tímatakmarkanir. Tímap. í síma 891 8727, Stella. Geymið auglýsinguna.

Spádómar og huglæg hjálp alla daga hjá Daddý í s. 846 6364. Alltaf þegar þér hentar.

## Rafvirkjun







## Trésmíði

Tek að mér alla alm. trésmíðavinnu, svo og múrun og málun. Föst tilboð eða tímavinna. s. 616 1569.

**JK smiðir**
Getum bætt við okkur verkefnum, stórum og smáum. Símar 695 5219 & 693 3483.

## Viðgerðir




Leggjum frostfríar snjóbræðslur. Hringdu í Steina pípara. S. 699 0100 & 567 9929.

**Pípulagningaþjónusta Sími 694 2109**
Sérhæfð viðgerða og breytingaþjónusta. Nýlagnir og sumarbústaðaþjónusta Villi píp ehf.

# HEILSA

## Heilsuvörur




15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is og herbalife@mmedia.is s. 891 8902, Ásta.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Viltu léttast? Stuðningur*aðhald*árangur með ShapeWorks Herbalife. Stuðningshópar fyrir stelpur á öllum aldri (18+) betriheilsa@visir.is 847 6151 Sigrún.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**Júdó í Laugardal/Þróttar heimilinu**
"Byrjandanámskeið" bæði fyrir fullorðna og krakka er að hefjast hjá Júdódeild Ármanns. Uppl. gefur Sævar í s. 861 1286. www.armenningar.is

**Tölvunámskeið - sniðið fyrir þá sem eru að stíga fyrstu skrefin.**
Tölvunámskeið, verður haldið dagana 21.-25. september n.k. Grunnatriði tölvunotkunar, internet og tölvupóstur. 5-7 nemendur í hóp. Eftirfylgd að loknu námskeiði.
**Eldri borgarar velkomnir. Upplýsingar í síma 694 9556 & 551 9552.**

**Námskeið í tréskurði**
Kennsla hefst 3. okt. Örfá pláss laus. Friðgeir Guðmundsson s. 861 6775.

**Streituskólinn!**
Haustnámskeiðin á miðvikudögum eru opin öllum. www.stress.is

# HEIMILIÐ

## Húsgögn




**Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?**
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.



Tískustólar verð kr. 14.900 www.rum.is Snorrabraut 56, Rvk s. 551 5200 Glerárgötu 36, Akureyri 461 5300.

Til sölu sófaborð, skrifborð og sjónvarpsskápur. Allt 10.000 kr. upl. sími 6985083

Borðstofuborð úr Habitat og sex stólar. Fæst fyrir lítið. Þrír nýjir barstólar úr leðri. Uppl. í s. 862 6246.

Til sölu 2 einstaklings rúm frá Betra Bak Stillanleg með Tempur dýnum 2x90x200cm á stærð. Rúmin eru 2 sjálfstæðar einingar með höfða og fótgöflum. Seljast á hálfvirði. Uppl. í síma 554 1776, Stefanía.

## Heimilistæki

Til sölu Nardi ísskápur m frysti niðri. Stálútlit. Hæð185 cm Verð 45 þús S:8958495

## Dýrahald

**30% Kynningarafsláttur**
Erum þessa dagana með 30% kynningarafslátt af Arden Grange hágæða hunda- og kattafóðri í verslunum Dýralands. Verð á 15 kg hundafóðri er frá kr 3.920,- með afsl. og verð á 2,5 kg kattafóðri er frá kr 1.120,- með afsl.
**Dýraland Mjódd S. 587 0711**
**Dýraland Kringlan S.588 0711**
**Dýraland Spöng S.587 0744.**

**NUTRO - 30 % afsláttur!**
Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Border Collie blendingur fæst gefins. Uppl. í s. 866 1361.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur

Til sölu mjög falleg leikgrind úr hvítbæsuðu beiki með stillanlegum botn, á hjólum, lítið notað. Söluverð hjá Baby Sam 13.990, fæst á 11.990. Uppl. í s. 867 1065.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum örfáa potta hlaðna aukahlutum til afgreiðslu samdægurs. Frábær tilboð í gangi. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is



Þetta er aðal smellurinn í ár fyrir sjóbirting vel þyngd og fæst á www.frances.is




Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Leiguliðar auglýsa 3ja herbergja íbúðir við Jörfagrund á Kjalarnesi til leigu. sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

4ra til 5 herb. íbúð í Grafarvogi til leigu frá og með næstu mánaðarmótum. Uppl. í s. 899 2696.

Falleg 2ja herb. íbúð á 2. hæð með svölum til leigu í efra Breiðholti, 111 Rvk. Laus 2. okt. 70 þús. á mán. með öllu. S. 697 5036 & 849 0152.

**Herbergi 105 til leigu**
Nýstandsett 16 fm herb. með aðgang að salerni, sturtu og þvottavél. Örbylgjuloftnet og tengi fyrir síma. Leiga 35 þús. Innifalið rafm. og hiti. 2 mán. í tryggingu. Uppl. í s. 822 2821.

## Húsnæði óskast

**Íbúð óskast í Hafnarfirði**
Fjölskylda óskar eftir 3ja-4ra herbergja íbúð í Lækjarskólahverfinu í Hafnarfirði. Meðmæli ef óskað er. Öruggum og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 898 2181.

Óska eftir stórri 4ra-5 herb. íbúð á svæði 105 frá 1. nóv. Skilvísar greiðslur. S. 849 1845.

Ódýrt herbergi óskast i Mosfellsbæ. S. 845 7158.

## Sumarbústaðir




**Rafgirðingaefni.**
Allt til rafgirðinga, staurar, vír, spennugjafar, 220V, 12V og 9V einnig sólarrafhlöður, leiðarar, einangrar, randbeitargirðingar o.fl. ATH. Góðar leiðbeiningar í Vörulista Vélaborgar. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414-8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464-8600

## Geymsluhúsnæði







Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. Uppl. í s. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# TIL SÖLU






ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Síminn

2

FYNDNIR
FJÓRA DAGA VIKUNNAR
Strákarnir mánudaga til fimmtudaga kl. 20:00


GOTT FÓLK McCANN

## FASTEIGNIR

17.9 millj.

REMAX BÚI **Skemmtileg og rúmgóð 3. herb.- laus**




Heimilisfang: Laugateigur
Stærð eignar: 103 fm
Fjöldi herb.: 3
Byggingarár: 1949
Brunab.mat: 11 millj.

Íbúð með sérinngangi í þessu vinsæla hverfi. Gengið er inn frá jarðhæð. Stofa með fallegum bogadregnum gluggum. Nýlegir skápar í herbergjum. Eldhús með uppruna-legri innréttingu, nýleg eldavél. Þak og rennur, rafmagn og rafmagnstafla, endur-nýjað, einnig hluti lagna.



**Guðrún K. Ástvaldsdóttir**
**runa@remax.is**
**sími: 821 9209**

RE/MAX Búi
Sigurður Guðmundsson Hdl, lögg. fasteignasali

## ATVINNA

GT verktakar er vaxandi fyrirtæki
á sviði flutninga og jarðvinnu.

**Okkur vantar tilfinnanlega vana Trailer bílstjóra, gröfumenn, rútubílstjóra og viðgerðamenn strax.**

Ef þú hefur áhuga þá vinsamlegast hringdu í síma 580 1600 eða sendu okkur tölvupóst
*gtverk@simnet.is*

GT

## TIL SÖLU

# HEILDSÖLUÚTSALA

Snyrtivara – Gjafavara – Hársnyrtivara – Jólavara
Kventöskur – Förðunarpennslar
og fleira og fleira milli kl. 12 og 6. Síðustu dagarnir
**Dugguvogi 12 – Að ofanverðu**

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á Aðalskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

## Hallsvegur.

Tillagan gerir ráð fyrir að eftirfarandi breyting verði gerð á 4. kafla greinargerðar aðalskipulagsins: Bætt er inn svohljóðandi setningu er varðar Hallsveg. „Hallsvegur frá Víkurvegi að Strandvegi verður tveggja akreina gata. Hallsvegur frá Vesturlandsvegi að Víkurvegi og frá Strandvegi að Sundabraut verður fjögurra akreina gata”.
Breytingin kemur inn í 4. kafla greinargerðar vegna samgangna.
Nánar um tillöguna vísast til uppdrátta.

## Fossaleynir, Egilshöll.

Tillagan gerir ráð fyrir að eftirfarandi breytingar verði gerðar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024: Gert er ráð fyrir að landnotkun á svæði sem afmarkast af Fossaleyni til suðurs Víkurvegi til vesturs og göngustíg til norðurs breytist úr útivistarsvæði til sérstakra nota merkt Í, í blandaða landnotkun af miðsvæði og opnu svæði til sérstakra nota. Enn verður gert ráð fyrir íþróttasvæði á svæðinu. Miðsvæðið verður skilgeint sem M10. Á svæðinu er fyrst og fremst gert ráð fyrir starfsemi sem tengist íþróttaiðkun svo og ráðstefnum, sýningum og tónleikum. Einnig má gera ráð fyrir eftirtaldri atvinnustarfsemi, (flokkun veitingastaða er samkvæmt lögum nr. 67/1985 og nr. 66/2000); a) kvikmyndahús, gistiaðstaða, skrifstofum og þjónustu, þó ekki skemmtistaðir, dansstaðir eða næturklúbbar, b) heilsurækt, sjúkraþjálfun, veitingahús, veitingastofur og kaffihús, sem beinlínis er í tengslum við starfsemi sem tengist íþróttaiðkun á svæðinu og verslunum, þó ekki matvöruverslun eða bensínsölu.
Nánar um tillöguna vísast til uppdrátta.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 08:20 – 16:15, frá 13. september til og með 25. október 2005. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulagsfulltrúa, merkt viðkomandi svæði og undirritað skilmerkilega, eigi síðar en 25. október 2005.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 13. september 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 411 3000 • MYNDSENDIR 411 3090

Þórhallur miðill



FM 98,9
BYLGJAN
Lífsaugað
Þriðjudagskvöld 22-24



!
90,9

HRAFNAÞING
Á Talstöðinni alla virka daga kl. 13.
GOTT FÓLK McCANN

## Vissir þú ...

... að stærstu gallsteinar sem skráðir hafa verið á læknabækur vógu 6,29 kíló og voru fjarlægðir úr áttræðri konu með skurðaðgerð í Lundúnum?

... að augnvöðvinn er mest notaði vöðvinn, hann hreyfist meira en hundrað þúsund sinnum á dag, og mest þegar mann dreymir?

... að skammlífustu frumur líkamans eru þær sem klæða meltingarveginn, þeim er skipt út á þriggja til fjögurra daga fresti?

... að venjulegur heili úr fullorðnum manni vegur um 1,4 kíló?

... að léttasti órýrnaði heili sem um getur var aðeins 680 grömm?

... að þyngsti heili sem um getur vó 2,3 kíló?

... að þyngsti hlutur sem fjarlægður hefur verið úr maga var hárkúla sem vó 2,53 kíló?

... að Roy Sullivan, bandarískur landvörður, er eini maðurinn sem hefur lifað af sjö eldingar?

... að hugtakið „síams-tvíburar" á rætur sínar að rekja til Meklong í Síam (nú Taíland) þar sem síamstvíburarnir Chang og Eng fæddust árið 1811?

... að þessir síamstvíburar kvæntust systrum og eignuðust 10 og 12 börn hvor um sig?







ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA
SPÆNSKA, FRANSKA, ÞÝSKA
ENSKA, RÚSSNESKA O.FL.

VATNSLITUN, OLÍA, LEIRMÓTUN
SKARTGRIPAGERÐ, MÓSAIK OFL.

MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR
í Hafnarfirði
S: 585-5860, namsflokkar.hafnarfjordur.is

TANGO
14. SEPT - 7. OKT.
Dans dansanna, argentínskur tangó með Bryndísi og Hany
8 skipti. Miðvikud. og föstud. kl. 18.30-20.00. Verð 12.500 kr.

HLÆJUM/TÖLUM
8.-29. OKT
-með Eddu Björgvins. leikkonu. Lærum að þekkja eigið tilfinningalíf og byggjum upp sjálfstraust, gleði og öryggi.
4 skipti. Lau. 10.00-14.00. Verð 14.500 kr.

MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR
í Hafnarfirði
S: 585-5860, namsflokkar.hafnarfjordur.is



Rannsóknir á hringjum Satúrnusar:

# Gerðir úr mjúkum snjóboltum

**VÍSINDI** Agnirnar sem mynda hringina í kring um plánetuna Satúrnus eru miklu líkari mjúkum snjóboltum en ísklumpum, eins og sumir vísindamenn hafa hingað til lýst þeim.

Þá hefur komið í ljós að agnirnar snúast mun hægar en talið var, samkvæmt nýjum niðurstöðum úr Cassini-geimverkefninu, sem er samvinnuverkefni Bandaríkjamanna og Evrópumanna. Þetta virðist einnig vera raunin í þeim hlutum hringjanna þar sem agnirnar eru hvað þéttastar og ættu í raun að rekast á í sífellu.

„Að okkar mati snúast agnirnar mjög hægt. Það segir okkur sitthvað um agnirnar sjálfar,“ segir Linda Spilker verkefnisstjóri.

Vísindamennirnir komust að þessari niðurstöðu með því að rannsaka hitastig agnanna. Ef árekstrar væru tíðir héldist hitastigið stöðugt. Þeir komust hins vegar að því að hitastig agnanna fellur um fimmtán gráður á Celsius þegar þær njóta ekki sólarljóss. Það bendir til þess að þær snúist nægilega hægt til að kólna þegar þær eru í skugga. ■



**SATÚRNUS** Bandaríkjamenn og Evrópumenn hafa rannsakað hringi Satúrnusar í geimverkefninu Cassini og komist að því að hringir plánetunnar eru gerðir úr mjúkum snjóboltum, ekki ísklumpum eins og áður var talið.



FRÉTTABLAÐIÐ/KÁRI JÓNASSON

**RÉTTAÐ Í VÍÐIDAL** Á laugardag var réttað í Víðidalstungurétt í Húnaþingi vestra og var þar margt um manninn að venju. Myndin var tekin þegar réttarstörf stóðu sem hæst og eru Ásgeirsárbæirnir í baksýn. Talið er að um sex þúsund fjár hafi komið af Víðidalstunguheiði að þessu sinni. Gangnamenn lögðu upp á mánudaginn í síðustu viku og komu með féð til byggða á föstudagskvöld. Smalamennska gekk vel.

almenna verðþróun í landinu og höfum dregist aftur úr.“ Hann segir bændur alveg hafa viljað sjá veglegri hækkun á skilaverði til sín en ákveðin hafi verið. „Það myndi ekki veita af meiri hækkun, en svo er heldur ekki gott að hækka of mikið. Við viljum ekki fá það í bakið í minnkaðri sölu. Þetta snýst um að selja ákveðið magn á ásættanlegu verði.“

### Vilja sanngjarnt verð

Jóhannes segir það ákvörðun hvers og eins bónda hvort hann eykur framleiðslu sína. „Samt er það þannig með sauðfé að það tekur dálítinn tíma að auka framleiðsluna. Eitt til tvö ár þarf til að ala upp þann grip sem maður ætlar að setja í framleiðslu. Maður setur á lamb að hausti og það lamb skilar ekki fullum afurðum fyrr en eftir eitt og hálft ár. Þetta er til dæmis mun lengri tími en í kjúklingarækt, þar sem framleiðsluferillinn er sex vikur.“ Hann segir bændur frekar vilja selja hóflegt magn af lambakjöti á sanngjörnu verði en mikið magn á lágu verði. „Ég sé ekki fyrir mér stórfellda framleiðsluaukningu þó að einstakir bændur komi sjálfsagt til með að fjölga eitthvað, þeir sem hafa aðstöðu til þess. Svo er það nú bara þannig að aldurinn á bændastéttinni er orðinn frekar hár þannig að maður veit ekki hvernig verður með endurnýjun í stéttinni.“



FRÉTTASKÝRING
ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON
olikr@frettabladid.is


# Efnahagur borgarbúa á næstu árum



## Morgunverðarfundur Íslandsbanka

**Fimmtudaginn 15. september kl. 8.15 – 10.00.**

**Íslandsbanki býður þér til morgunverðarfundar um horfur í efnahagsmálum og hvernig þær snerta borgarbúa. Fundurinn verður haldinn í Þingsölum á Hótel Loftleiðum.**

*Einar Sveinsson, formaður stjórnar Íslandsbanka, setur fundinn.*



**Í hápunkti hagsveiflu**
*Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka*
Helstu efnahagsstærðir í umhverfi heimila og fyrirtækja í höfuðborginni. Hver er líkleg þróun á næstunni?



**Hin öfluga örmynt**
*Ingvar Arnarson, hagfræðingur í Greiningu Íslandsbanka*
Eru líkur á því að krónan muni styrkjast enn frekar? Hvenær eru líkur á lækkun hennar og hvað má reikna með að sú lækkun verði mikil?



**Hagstjórn þegar á reynir**
*Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur í Greiningu Íslandsbanka*
Hvernig eru Seðlabanki, ríki og sveitarfélög líkleg til að bregðast við hagsveiflunni? Eru líkur á því að þessir aðilar muni verja kaupmátt almennings fyrir gengislækkun, verðbólgu og atvinnuleysi?





**Stjórn borgarinnar og efnahagur borgarbúa**
*Gísli Marteinn Baldursson, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og Stefán Jón Hafstein, formaður borgarráðs*
Hver er þáttur borgarinnar í að tryggja stöðugleika og viðvarandi vöxt í efnahagsumhverfi borgarbúa? Er ástæða til aðgerða á næsta kjörtímabili?

**Skráning fer fram á isb.is og í þjónustuveri bankans í síma 440 4000.**

**Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir**

ÍSLANDSBANKI | 100%

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Miðað við tólf mánaða tímabil er verðbólgan nú 4,8 prósent á ári.

## Verðbólgan tekur stökk

Vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands birti í gær vakti marga af værum blundi, ekki aðeins þá sem stjórna landinu, fyrirtækjum og stofnunum, heldur kannski ekki síst þá einstaklinga sem skulda mikið og hafa tekið mikil lán að undanförnu í trausti þess að stöðugleikinn sé kominn til að vera hér á landi. Þetta fólk verður nú að endurskoða allar sínar áætlanir, því það getur ekki látið aukinn kostnað við húsnæði fara út í verðlagið með hærri verðskrám eða hærri álagningu, það verður að ráða fram úr þessum auknu útgjöldum sjálft miðað við tekjur sínar.

Samkvæmt útreikningum Hagstofunnar mælist verðbólgan nú 4,8 prósent á tólf mánaða tímabili, en ef aðeins eru teknir síðustu þrír mánuðirnar er verðbólgan nú 7,6 prósent á ári og hefur ekki verið hærri í 40 mánuði. Verðbólgumarkmið Seðlabankans hljóða upp á fjögur prósent, svo ljóst er að verðbólgan er komin töluvert upp fyrir það. Þá er þess að geta að oft hefur október verið erfiður varðandi verðbólguna, en vera má að eitthvað af þeim liðum sem hækuðu mest nú í byrjun september hafi verið fyrr á ferðinni en áður.

Greiningardeildir banka og fjármálastofnana höfðu gert verðbólguspá, sem var langt frá raunveruleikanum, og furðulegt að fjármálafyrirtækin séu ekki betur upplýst í þessum efnum en raun ber vitni, fyrst þau eru á annað borð að gefa út slíkar spár aðeins nokkrum dögum áður en Hagstofan kemur með hinar raunverulegu tölur. Það er eins og þetta sé stundum eins konar getraunaleikur hjá fjármálastofnunum og vinningurinn sé kannski utanlandsferð fyrir tvo fyrir þá sem komast næst raunveruleikanum. Væri ekki ráð að eyða tímanum í eitthvað annað en láta Hagstofuna um að koma með þessar upplýsingar mánaðarlega – réttar og sannar?

Það sem kannski vekur mesta athygli við þróun vísitölunnar að þessu sinni er að þessa miklu hækkun er ekki að rekja til verðs á húsnæði eða hinnar miklu hækkunar á eldsneyti sem neytendur hafa orðið óþyrmilega varir við að undanförnu. Rætur hinnar miklu hækkunar í september er að finna í hækkun á verði á skófatnaði og fötum, samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar. Talað er um að útsölur hafi verið fyrr á ferðinni í ár en áður og það skekki verðbólguspárnar svo um munar.

Þessi mikla hækkun verðbólgunnar setur kjarasamninga í uppnám og það væri dapurlegt ef þeim yrði nú sagt upp og allt færi á fleygiferð í verðlagsmálum. Það er verkefni samtaka launafólks og atvinnuveitenda að finna farsæla lausn í þeim efnum. Verðbólgan nú er mun meiri en verðbólgumarkmið ríkisins og Seðlabanka hljóða upp á. Eina ráðið sem Seðlabankinn virðist hafa er að hækka vexti trekk í trekk og reyna þannig að hafa stjórn á hlutunum. Vaxtaákvarðanir Seðlabankans smita hins vegar frá sér út í verðlagið og í kjölfar hækkunar stýrivaxta kemur yfirleitt almenn vaxtahækkun á markaði, sem gerir bæði fyrirtækjum og einstaklingum erfitt fyrir. ■

Alltaf hagstætt
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Arnbjörg eða Bjarni?

Eftir ráðherrahrókeringar sjálfstæðismanna er staða formanns í þingflokki þeirra laus til umsóknar. Rökrétt virðist að varaformaðurinn Arnbjörg Sveinsdóttir færist upp, enda hefur hún mikla þingreynslu og svo er hún kona – en sjálfstæðismenn eru nú að uppgötva mikilvægi þess að bjóða upp á svokallaða „kynjabreidd", samanber væntanlegt varaformannskjör Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Ekki eru þó allir á því að Arnbjörg verði fyrir valinu. Össur Skarphéðinsson segir í pistli á vefsíðu sinni í gær að hann telji líklegast að Bjarni Benediktsson fái stöðuna, en hann þykir hafa staðið sig vel þrátt fyrir að vera nýliði. Ekki á svo að spilla fyrir að hann er af Engeyjarætt en hún hefur löngum verið áhrifamikil í flokknum.



### Fyrirlestraröð

Sagnfræðingafélagið efnir í vetur til fyrirlestraraðar í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu um efnið „Hvað eru framfarir?" Fyrsti fyrirlesturinn er í hádeginu í dag og talar þá Sir Marrack Goulding, fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna. Hann mun ræða um málefni sem er mjög í brennidepli um þessar mundir, umbætur á Sameinuðu þjóðunum og leiðtogafundinn sem haldinn verður í New York síðar í vikunni. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku. Má segja að þetta sé einstakt tækifæri til að kynnast milliliðalaust viðhorfum manns sem gegnt hefur einu æðsta embætti samtakanna og heyra hann svara margháttaðri gagnrýni sem að þeim beinist.

### Vinstri í tísku

Egill Helgason flytur heldur betur ískyggilegar fréttir í pistli á Vísi í gær: „Í evrópskum blöðum les maður að það sé aftur í tísku að vera til vinstri. Íraksstríðið hefur haft róttæknivæðingu í för með sér, ásamt með baráttunni gegn hnattvæðingu og að því er virðist mótstöðulausri framrás kapítalismans. Sjálfur Karl Marx var á forsíðu Der Spiegel fyrir viku. Blaðið segir að hann neiti að deyja og veltir fyrir sér hvort hann hafi ekki ýmis svör sem séu gagnleg á tíma þegar alþjóðlegt kapítal flæðir um allar gáttir."

gm@frettabladid.is

## Um símaávísunina og tilviljanir

Ávísunin fyrir Símann barst í vikunni sem leið. Ég dáðist einmitt að svörum fjármálaráðherrans þegar salan var í höfn. Hann var spurður hvað ætti að gera við peningana, hann sagðist helst vilja borga niður skuldir, annars væri það ekki á hans valdi, sagði hann, að ákveða það vegna þess að Alþingi færi með fjárveitingavaldið. Alveg á sama hátt gladdist ég einlæglega þegar nýi útvarpsstjórinn áréttaði við einhvern fréttamann að skoðun hans á því hvort Ríkisútvarpið ætti vera á auglýsingamarkaði eða ekki, hefði í raun ekki mikið að segja, hann ákveddi ekkert um það, heldur Alþingi sem setti lög um Ríkisútvarpið – eða eitthvað í þá áttina.

Það skiptir höfuðmáli að embættismenn hvort heldur þeir eru nú ráðherrar eða útvarpsstjórar eða eitthvað annað þekki valdsvið sitt eða kannski öllu heldur þekki einfaldlega takmörk sín. Svo er nú því miður ekki með alla. Veldur það manni óendanlegum pirring og hneykslan og verður til þess að maður verður eins og gömul plata. Alltaf að segja sömu hlutina aftur og aftur en því miður alltaf af nýju tilefni.

Tilefnið núna er ávísunin sem að ofan er getið. Þegar hún hafði verið afhent var ljóst að ráðin höfðu verið tekin af fjármálaráðherranum, sem kann leikreglurnar. Blásið var í lúðra og formenn og varaformenn stjórnarflokkanna tilkynntu á blaðamannafundi hvernig milljörðunum öllum saman yrði ráðstafað. Þingflokksdruslum þessara flokka voru líka sendar upplýsingarnar en það var eftir að til blaðamannafundarins hafði verið boðað, þannig að ekki var gert ráð fyrir að þær samkundur hefðu eitthvað til málanna að leggja. Það er svo sem eðlilegt að engum skuli hafa dottið slíkt í hug, þær ágætu samkomur hafa ekki lagt neitt til í manna minnum, svo varla við því að búast að það gerist allt í einu núna.

Í þetta skiptið var ekki einungis löggjafarsamkundan lítilsvirt, heldur einnig kjósendur. Af fjörutíu og þrem milljörðum sem eiga að fara til alls konar framkvæmda á að eyða tveim og hálfum nú í ár en restinni árið 2007

**Í DAG**
NÝR SEÐLABANKASTJÓRI



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Nýr seðlabankastjóri var skipaður öllum að óvörum, enda margar tilviljanir í kringum það. Birgir Ísleifur sem er orðinn sextíu og níu var á leiðinni að hætta og svo gerði hann það allt í einu þannig að nýr bankastjóri var skipaður akkúrat í sömu vikunni og símapeningunum var útdeilt. Skrítnar þessar tilviljanir.*

eða seinna. Nú vill svo til að árið 2007 eru kosningar og þá verður kosið nýtt þing og mynduð ný ríkisstjórn. Þessi ríkisstjórn sem nú situr ætlar sko ekki að skilja neitt eftir af þessum aurum fyrir aðra að hafa eitthvað að segja um. Ég þykist viss um að ef þau héldu að þau kæmust upp með það þá væri ríkisstjórnin búin að samþykkja fjárlög tíu ár fram í tímann, slíkt er ráðríkið og valdagræðgin.

En bíddu nú við segir ábyggilega einhver, eru þetta ekki óþarfa formlegheit, eru þetta ekki allt hin bestu málefni sem búið er að ráðstafa peningunum til, ber ekki fremur að fagna en vera með þetta eilífa tal um leikreglur. Jú, vissulega eru málefnin góð, flest hver að minnsta kosti, en það er einmitt á slíku bragði sem forhertir stjórnmálamenn ná óeðlilegum undirtökum. Þeim tekst að stilla málum þannig upp að amist einhverjir við gerðum þeirra þá virðast hinir sömu nöldurseggir í besta lagi en líklega samt frekar leiðindapúkar og úrtölumenn. Svo er nú það.

En það var ekki bara ávísunin sem var afhent í vikunni sem leið. Nýr seðlabankastjóri var skipaður öllum að óvörum, enda margar tilviljanir í kringum það. Birgir Ísleifur sem er orðinn sextíu og níu var á leiðinni að hætta og svo gerði hann það allt í einu þannig að nýr bankastjóri var skipaður akkúrat í sömu vikunni og símapeningunum var útdeilt. Skrítnar þessar tilviljanir. Svo ekki sé nú talað um að rétt í sama mund hækkuðu laun seðlabankastjóranna um 27% held ég svei mér þá, kostuleg tilviljun það. Ég tók líka eftir því að enginn greiddi atkvæði gegn þessari launahækkun, jafnvel þó manni skiljist að einhverjir hafi verið á móti, kannski það hafi líka verið tilviljun. Svo eru menn að velta fyrir sér hvort endurskoða þurfi launasamninga vegna þess að verðbólgan er meiri en búist var við, kannski hækka þá launin um 1 eða 2%, ég veit það ekki. Ætli laun seðlabankastjóra séu endurskoðuð út frá verðbólgu? – 1% hjá þeim er á bilinu tíu til þrettánþúsund krónur – það munar nú um minna. ■




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.697 **-1,08%**

**Fjöldi viðskipta:** 275
**Velta:** 2.188 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Líftæknisjóðurinn** | +50,00% | **Hampiðjan** | -2,86% |
| **Atlantic Petroleum** | +0,78% | **Nýherji** | -1,87% |
| **FL Group** | +0,67% | **KB banki** | -1,47% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,30 -0,70% ... Bakkavör 43,50 -1,10%... Burðarás 18,90 -0,50% ... FL Group 15,10 +0,70% ... Flaga 4,06 +0,00% ... HB Grandi 9,15 +0,00% ... Íslandsbanki 15,20 -1,30% ... Jarðboranir 20,10 +0,00% ... KB banki 604,00 -1,50% ... Kögun 56,00 +0,00% ... Landsbankinn 22,80 -0,90% ... Marel 63,40 -0,80% ... SÍF 4,76 +0,00% ...Straumur 14,10 -0,70% ... Össur 87,50 -1,10%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**BÆTA VIÐ SIG Í LANDSBANKANUM** Samson eignarhaldsfélag hefur stækkað við sig í Landsbankanum og tryggt sér fleiri bréf þegar samruni Burðaráss og Landsbankans gengur í gegn.

# Kaupa fyrir níu milljarða

Stærsti eigandinn í Landsbankanum, Samson eignarhaldsfélag, hefur keypt hlutabréf í bankanum fyrir hálfan milljarð króna. Eignarhlutur félagsins liggur nú rétt undir 45 prósentum.

Samhliða þessu hefur félagið tryggt sér alla þá hluti sem Samson Global Holding fær í Landsbankanum skiptum í fyrir hlutabréf sín í Burðarási þegar sameining Burðaráss, Landsbankans og Straums Fjárfestingarbanka gengur í gegn. Samson eignarhaldsfélag kaupir réttinn af Samson Global Holdings fyrir 8,6 milljarða króna.

Eftir fyrrgreina sameiningu ræður félagið um 40 prósentum hlutafjár í Landsbankanum. **- eþa**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**DAGVARA HÆKKAR MIKIÐ** Verðbólgan á tólf mánaða tímabili mælist nú 4,8 prósent. Vísitala neysluverðs hækkaði mikið milli ágúst og september, um 1,5 prósent.

# Mesta verðbólguskot í fjögur ár

**Verðbólgan langt umfram væntingar. Ríkisstjórnin fær bréf Seðlabankans á næstu dögum. Þenslan er farin að segja til sín að mati sérfræðings.**

Töluverðar líkur eru á því að Seðlabankinn hækki vexti í lok mánaðarins eftir að vísitala neysluverðs hækkaði um 1,5 prósent á milli ágúst og september sem var langt umfram væntingar. Búist hafði verið við um 0,9 prósenta hækkun.

Leita þarf aftur til júní árið 2001 til að finna meiri verðbólguhækkun milli mánaða.

Þetta þýðir að verðbólga á ársgrundvelli mælist nú 4,8 prósent og er komin vel yfir efri þolmörk Seðlabankans sem eru fjögur prósent. Markmið bankans er þó að halda verðbólgunni við 2,5 prósent á tólf mánaða tímabili.

**VERÐBÓLGA INNAN ÁRS**

| | |
|---|---|
| 2005 | +3,3%* |
| 2004 | +3,9% |
| 2003 | +2,7% |
| 2002 | +2,0% |
| 2001 | +8,6% |

* Níu mánaða mæling

„Samkvæmt lögum ber okkur að senda ríkisstjórninni bréf þegar verðbólgan fer yfir fjögur prósent eða undir eitt prósent, ef það á við, og gera henni grein fyrir hvað Seðlabankinn hyggst gera. Það er ekki ákveðið hvenær bréf verða send en það er í stutt í það, gætu verið nokkrir dagar frekar en vikur," segir Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri.

„Það eru ekki góð tíðindi að verðbólgan skuli vera farin þetta mikið af stað og alvarlegt að hún skuli vera komin út fyrir þolmörkin," segir Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Hann er ekki bjartsýnn á framhaldið: „Ég held því miður að við séum að sjá undirliði verðbólgunnar hækka einn af öðrum vegna þenslunnar á vöru- og vinnumarkaði. Þessi hækkun hingað til hefur verið drifin af hækkunum á olíuverði og fasteignaverði en nú er ég hræddur um að það sé komið að áhrifum þessarar margumtöluðu þenslu."

Mælingin sýndi að dagvara hækkaði meira í verði en spáð hafði verið en áhrif af útsölulokum voru einnig mikil. Olíuverð og fasteignaverð hækkuðu einnig mikið eins og búist var við.

Tryggvi Þór telur stöðuna vera þá að peningamálastefna ráði ekki ein við þensluna. Nú verði stjórnvöld að fara á fullt við að draga saman í ríkisútgjöldunum til að styðja við stefnuna.

**eggert@frettabladid.is**


www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS TOY 29464 09/2005

**RAV4 aukahlutapakki að andvirði 185.000 kr. fylgir með**

Nú færð þú glæsilegan RAV4 með veglegum aukahlutapakka að andvirði 185.000 kr., heilsársdekk, dráttarbeisli, vindskeið, aurhlífar og krómgrind á afturljós. Komdu, prófaðu RAV4 og upplifðu meira en þú hafðir látið þig dreyma um. Þú gerir ekki betri kaup fyrir veturinn!


Heilsársdekk


Krómgrind á afturljós


Vindskeið


Aurhlífar


Dráttarbeisli

**Verð frá 2.690.000 kr.**
**Mánaðarleg greiðsla frá 35.990 kr.***

50% afsláttur af lántökugjaldi.
* m.v. 10% útborgun og 84 mánaða bílasamning hjá Glitni.

Í samstarfi við Glitnir

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

**DANTE ALIGHIERI (1265-1321)**
lést þennan dag.



*„Hjálpa þarf litlum verkefnum mun meira en þeim stóru.“*

***Dante Alighieri var ítalskt skáld. Hann er höfundur verksins Hinn guðdómlegi gleðileikur.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 13. SEPTEMBER 1916

# *Roald Dahl kemur í heiminn*

Rithöfundurinn Roald Dahl fæddist þennan dag árið 1916 í suðurhluta Wales en foreldrar hans voru norskir. Hann er hvað þekktastur fyrir barnabækur sínar um Kalla og sælgætisgerðina, Jóa og risaferskjuna og Matthildi.

Æska Dahls var erfið. Hann missti föður sinn og systur aðeins þriggja ára gamall og sætti síðar ofbeldi í heimavistarskóla. Eftir skóla ferðaðist hann víða, fór meðal annars með leiðangri til Nýfundnalands og vann síðar í Tansaníu. Hann gekk til liðs við flugher Breta í síðari heimsstyrjöldinni og flaug meðal annars til Grikklands og Sýrlands en var skotinn niður yfir eyðimörk í Líbíu árið 1942 og slasaðist lífshættulega.

Fyrstu bókina sína, The Gremlins, skrifaði Dahl fyrir Walt Disney árið 1943 en löngu síðar var sagan kvikmynduð. Hann skrifaði nokkrar skáldsögur en árið 1960 hóf hann að skrifa sögur fyrir börnin sín sem síðan urðu gríðarvinsælar meðal barna jafnt sem fullorðinna um heim allan.

Dahl skrifaði flestar bækur sínar á bóndabæ fjölskyldunnar. Hann skrifaði tvo tíma að morgni og tvo tíma síðdegis milli þess sem hann sinnti bústörfum. Roald Dahl lést árið 1990, þá 74 ára gamall. ■



ROALD DAHL Á YNGRI ÁRUM

## MERKISATBURÐIR

**1894** Frídagur verslunarmanna er haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn í Reykjavík.

**1940** Ítalir ráðast inn í Egyptaland í síðari heimsstyrjöld.

**1971** Uppreisninni í Attica-fangelsinu í Bandaríkjunum lýkur. 43 fangar og fangaverðir létust í átökunum.

**1980** Tveir ungir menn klífa norðvesturvegg Skessuhorns í Skarðsheiði, sem hafði verið talinn ókleifur.

**1981** Borgarfjarðarbrúin er vígð. Brúin er 520 metrar og stóðu framkvæmdir í sjö ár.

**1992** Guðrún Helgadóttir fær norrænu barnabókaverðlaunin fyrir bókina Undan illgresinu.

**1993** Yitzhak Rabin og PLO-leiðtoginn Yasser Arafat hittast í Hvíta húsinu og takast í hendur upp á nýtt friðarsamkomulag.



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Siggeir Ólafsson**

bifreiðastjóri og sölumaður, Flétturima 36,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju kl. 15 í dag.

**Ester Haraldsdóttir**
**Vignir Þór Siggeirsson** — **Katrín Jónsdóttir**
**Haraldur B. Siggeirsson** — **Margrét Á. Jóhannsdóttir**
**Ólafur Karl Siggeirsson**
**Guðlaug Edda Siggeirsdóttir** — **Helgi Hafþórsson**
**barnabörn og systkini hins látna.**



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Hafdís Matthíasdóttir**

Leirubakka 14, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Vídalínskirkju miðvikudaginn 14. september kl. 14.00.

Bjarki Friðgeirsson
Lilja Ólafsdóttir
Friðgeir Bjarkason — Ingibjörg Zoëga
Ísabella Björk Bjarkadóttir — Reynir Þorsteinsson
Viktor Elvar Bjarkason
Magnús Bjarkason — Þorbjörg Traustadóttir
og barnabörn.



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir,amma og langamma,*

**Halla Hafliðadóttir**

frá Siglufirði, til heimilis að Suðurbraut 10, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 14. sept. kl. 15.00.

**Haraldur Guðmundsson**
**Maríanna Haraldsdóttir** — **Júlíus Matthíasson**
**Guðmunda Haraldsdóttir** — **Þórður Vilhjálmsson**
**Ragna J. Ragnarsdóttir** — **Emil H. Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ólafur Guðmundsson**

kennari, Sóleyjargötu 7, Reykjavík,

lést föstudaginn 9. september. Útför hans fer fram í Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 19. september kl. 15.00.

**Hlín Helga Pálsdóttir**
**Andri Birkir Ólafsson** — **María Guðbjartsdóttir**
**Olga Björk Ólafsdóttir** — **Roland Hartwell**
**Helga Lára Ólafsdóttir** — **Ásgeir Friðgeirsson**
**Magnús Björn Ólafsson**
**Jóhann Ólafur og Andri Hrafn Andrasynir.**



✝

*Móðir okkar,*

**Inga Hanna Ólafsdóttir**

Kópavogsbraut 86, Kópavogi

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 13. september kl. 15.00.

**Hulda Björg Sigurðardóttir**
**Haukur Sigurðsson**
**Anna Margrét Sigurðardóttir**
**Ólafur Atli Sigurðsson**
**og aðrir aðstandendur**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Torfi Jónsson**

skipstjóri, Mýrum 6, Patreksfirði,

sem lést laugardaginn 10. september, verður jarðsunginn frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 17. september, kl. 14.00

**Oddbjörg Þórarinsdóttir**
**Kristín B. Torfadóttir** — **Rúnar Árnason**
**Jón Torfason** — **Kolbrún Sigr. Sigmundsdóttir**
**Þórarinn Torfason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Kristinsson**

málarameistari, Hringbraut 9, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, miðvikudaginn 14. september kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða Fríkirkjuna í Hafnarfirði.

**Anna Dagmar Daníelsdóttir**
**María K. Sigurðardóttir** — **Kristinn G. Garðarsson**
**Dagný B. Sigurðardóttir** — **Guðmundur Þórarinsson**
**Kolbrún J. Sigurðardóttir** — **Elías Rúnar Elíasson**
**Albert J. Sigurðsson**
**Daníel Sigurðsson** — **Ethel Sigurvinsdóttir**
**Hafdís Sigurðardóttir** — **Pálmi Helgason**
**Hjördís A. Sigurðardóttir** — **Vilhelm P. Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Gunnarsdóttir**

Dalbraut 27, áður Bogahlíð 10,

lést á Landspítalanum Hringbraut laugardaginn 10. september. Útförin auglýst síðar.

**Þórunn Nanna Ragnarsdóttir** — **Jóhann Hólmgrímsson**
**Ingunn Ragnarsdóttir** — **Már Óskar Óskarsson**
**Gunnar Ragnarsson** — **Ásthildur Ágústsdóttir**
**Heiðar Ragnarsson** — **Sigrún Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## ANDLÁT

**Gunnar Jónsson**, Aratúni 26, Garðabæ, er látinn.

**Hans Blomsterberg**, Tunguseli 11, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítala í Kópavogi fimmtudaginn 8. september.

**Jónas Óskar Halldórsson**, Seljahlíð, Reykjavík, lést laugardaginn 10. september.

**Sigríður Gunnarsdóttir**, Dalbraut 27, áður Bogahlíð 10, lést á Landspítalanum Hringbraut laugardaginn 10. september.

## JARÐARFARIR

13.00 **Berta Herbertsdóttir**, frá Hamraendum, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.

13.00 **Guðmundur H. Kjærnested**, skipherra, Þorfinnsgötu 8, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju.

15.00 **Siggeir Ólafsson**, bifreiðastjóri og sölumaður, Flétturima 36, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

## AFMÆLI



**Jón Þórarinsson** tónskáld er 88 ára.



**Jón Ásgeir Sigurðsson** útvarpsmaður er 63 ára.



**Andrea Gylfadóttir** söngkona er 43 ára.



**Edda Björgvinsdóttir** leikkona er 53 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



1739 Grigory Potemkin áhrifamaður í Rússlandi og ástmaður Katrínar II keisaraynju.



1819 Clara Josephine Schumann tónskáld.



1857 Milton S. Hershey súkkulaðiframleiðandi.



1894 J.B. Priestley rithöfundur.



1918 Ray Charles tónlistarmaður.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

# Á EIGIN VEGUM



NÝR

## FORESTER

Við kynnum til sögunnar nýjan, breyttan og enn aflmeiri Subaru Forester. Nýr Forester er eins og sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður - þægilegur, rúmgóður, aflmikill og öruggur á nánast hvaða undirlagi sem er. Óhætt er að fullyrða að Forester fer sínar eigin leiðir þegar kemur að aksturseiginleikum og búnaði.

**STAÐREYNDIR:**
Ný 2,0 lítra vél - 158 hö.
Sítengt aldrif (AWD)
Veghæð - 20,5 cm
16" álfelgur
Mikið rými

SJÁLFSKIPTUR
**VERÐ 2.550.000 kr.**
**30.315 kr. á mán.***

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a** | **Eyrarlandi 1** | **Sæmundargötu 3** | **Holtsgötu 52** | **Dalbraut 2b** | **Víkurbraut 4** | **Búðareyri 33** | **Sindragötu 3** | **Óseyri 5** |
| 800 Selfossi | 530 Hvammstanga | 550 Sauðárkróki | 260 Njarðvík | 300 Akranesi | 780 Höfn í Hornafirði | 730 Reyðarfjörður | 400 Ísafjörður | 603 Akureyri |
| 482-3100 | 451-2230 | 453-5141 | 421-8808 | 431-1376 | 478-1990 | 474-1453 | 456-4540 | 461-2960 |

*Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

## Heyrst hefur ...

... að mikill titringur sé hjá forráðamönnum Íslandsmeistara FH þessa dagana enda eru leikmenn liðsins, sem verða samningslausir í vetur, ákaflega eftirsóttir og ljóst að stjórn félagsins þarf að bretta rækilega upp ermarnar til þess að halda fjölda leikmanna hjá félaginu á næsta tímabili.

**sport**

sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR KRISTJÁNSSON, ÞJÁLFARI FRAM:** EKKI SÁTTUR VIÐ HEIMI GUÐJÓNSSON, FYRIRLIÐA FH

# *Vísa ummælum Heimis til föðurhúsanna*





Mikil spenna hefur myndast fyrir lokaumferð Landsbankadeildarinnar. Þrjú lið – Fram, Grindavík og ÍBV – geta fallið í 1. deild en Framarar, sem mæta Íslandsmeisturum FH, eiga einna erfiðasta verkefnið. Heimir Guðjónsson, fyrirliði FH, er búinn að kynda undir bálið fyrir leikinn með því að segja að FH muni ekki sýna Fram neina miskunn þar sem Safamýrarpiltar hafi talað niður til meistaranna í sumar.

„Framararnir segja að það sé ekkert mál að vinna FH. Fram sló okkur líka út úr bikarnum og það hlýtur að vera metnaður FH að svara fyrir sig og vinna þennan leik. Það er mín skoðun að þeir hafi verið að tala við niður til okkar og við ætlum að afsanna að það sé ekkert mál að vinna FH," sagði Heimir, sem óskar þess þó ekki að Fram falli. „Ég vil engum svo illt en það breytir ekki þeirri staðreynd að við ætlum að vinna þennan leik. Ef framkoma Framara er ekki nægt púður til þess að menn mæti brjálaðir til leiks getum við allir lagt skóna á hilluna."

Fréttablaðið bar ummælin undir Ólaf Kristjánsson, þjálfara Fram. „Ég veit ekki hvað maður á að leyfa sér að segja því það er aldrei að vita nema það verði túlkað að maður sé að tala niður til þeirra. Ég skil ekki alveg ummæli Heimis og finnst þau frekar döpur. Ég veit ekki betur en að þeir sem standa að Fram hafi ekki gert annað en að mæra FH-inga," sagði Ólafur en hann hefur áður lýst því yfir hvernig eigi að sigra FH.

„Þeir eru með langbesta liðið en þegar ég er spurður að því hver sé lykillinn að því að leggja FH þá svara ég að það sé að stöðva Allan Borgvardt, loka á kantana, taka einn miðjumann þeirra úr leiknum og loka á bakverðina. Þetta eru fjögur atriði og það er stórmál að afgreiða þessa hluti. Ef þeir halda að ég hafi meint að það sé auðvelt að stöðva þá svona eru þeir ekki alveg í tengslum við raunveruleikann. Þess vegna vísa ég ummælum Heimis til föðurhúsanna," sagði Ólafur ákveðinn.

## > Við hrósum ...



... hinum nýráðna þjálfara KR, Teiti Þórðarsyni, sem ætlar að byggja framtíðarlið KR upp á heimamönnum en uppistaðan í liði KR síðustu ár hefur verið aðkomumenn og fannst mörgum stuðningsmönnum KR nóg komið enda hafa margar af hinum aðkeyptu „stjörnum" liðsins litlu skilað og á meðan hafa ungir KR-ingar mátt sitja hjá og bíða.

## > Við furðum okkur á því ...



.... að formaður KSÍ, Eggert Magnússon, reyni alltaf að troða sér inn í ramma ljósmyndara þegar hann afhendir bikara. Svo langt gengur Eggert á köflum að við liggur að hann fái olnbogaskot frá fyrirliðunum. Leyfðu mönnum að lyfta bikurunum í friði, Eggert!

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**SEPTEMBER**

10 11 12 **13** 14 15 16

**Þriðjudagur**

**SJÓNVARP**

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til 9 og svo aftur klukkan 17.
- 17.30 **Fréttir úr Meistaradeild Evrópu** á Sýn.
- 18.00 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- 18.30 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Leikur Betis og Liverpool í beinni.
- 20.40 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- 21.20 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Leikur Chelsea og Anderlecht.
- 23.10 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- 23.50 Ensku mörkin á Sýn.

# Allir vilja vinna meistara Liverpool

**Rafael Benitez segir að mun meiri pressa sé á sínum mönnum hjá Liverpool í Meistaradeild Evrópu í ár þar sem liðið sé núverandi meistari. Liðið sækir Real Betis heim í opnunarleiknum í kvöld.**

**FÓTBOLTI** Í kvöld verður flautað til leiks í Meistaradeild Evrópu á ný og verða meistarar Liverpool í eldlínunni á fyrsta leikdegi ásamt Chelsea í dauðariðlinum svokallaða. Hinir rauðklæddu hefja titilvörnina á útivelli gegn spænska liðinu Real Betis á meðan Chelsea fær Anderlecht í heimsókn. Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, segir að pressan á lið sitt sé mun meiri í ár þar sem Liverpool sé liðið sem allir vilji vinna.

„En þótt pressan sé meiri skiptir það engu fyrir minn undirbúning. Hann er sá sami; að undirbúa leikmenn mína sem best og leika til sigurs," sagði Benitez á blaðamannafundi í gær og bætti við að lið Betis væri sýnd veiði en ekki gefin.

„Ég þekki lið Betis vel frá mínum tíma á Spáni og það er mjög hættulegt en ég get gefið leikmönnum mínum miklar upplýsingar um veikleika þess," bætti Benitez við og er greinilega nokkuð sigurviss.

Búist er við því að Jose Mourinho, stjóri Chelsea, stilli upp sínu allra sterkasta liði gegn Anderlecht enda segir hann það mikilvægt að byrja allar keppnir með besta móti. „Við viljum gefa tóninn fyrir það sem koma skal með sannfærandi sigri," sagði hann í gær. Af öðrum áhugaverðum viðureignum kvöldsins má nefna leik Lyon gegn Real Madrid og segir John Carew, sóknarmaður franska liðsins, að allir sjái veikleika Real. „Vörnin er ekki traust og það ætlum við að nýta okkur," segir Carew.



**UNDIR PRESSU** Rafael Benitez er nokkuð sigurviss fyrir kvöldið og kveðst þekkja lið Real Betis út og inn.

vignir@frettabladid.is

Valur fyrst kvennaliða í 2. umferð í Evrópukeppni:

# Mætir sænsku meisturunum

**FÓTBOLTI** Valsstúlkur mæta í dag sænsku meisturunum í Djurgården/Älvsjö í fyrsta leik sínum í 2. umferð í Evrópukeppni félagsliða en leikurinn hefst klukkan 18 að íslenskum tíma. Sænska liðið er fyrir fram talið það sterkasta í riðlinum og státar auk þess af því að vera á heimavelli í öllum leikjum sínum.

Með Val og Djurgården/Älvsjö í riðlinum eru lið ZFK Masinac-Classic Nis frá Serbíu/Svartfjallalandi og Alma KTZH frá Kasakstan en fyrri leikur dagsins er einmitt á milli þessara tveggja liða. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskt félagslið kemst í 2. umferð keppninnar, en í raun er um 16 liða úrslit að ræða, þar sem keppt er í fjórum fjögurra liða riðlum og efstu tvö lið hvers riðils um sig komast áfram í 8 liða úrslit. Valur vann alla leikina í sínum riðli í 1. umferð með markatölunni 14-3 vann þá norsku meistarana 4-1 og þá finnsku 2-1 auk þess að bursta eistneska liðið Parnu, 8-1, í lokaleiknum.



**FJÖGUR MÖRK Í TVEIMUR LEIKJUM** Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði 4 mörk í sigrunum á norsku og finnsku meisturunum í 1. umferð. Hún hefur nú skorað 28 mörk á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Margrét Lára Viðarsdóttir, markadrottning Landsbankadeildar kvenna annað árið í röð, skoraði fjögur mörk í tveimur fyrstu leikjunum en hvíldi síðan í lokaleiknum. **- óój**

West Ham vann Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni:

# Þrenna frá Marlon Harewood

**FÓTBOLTI** Marlon Harewood skoraði þrennu fyrir West Ham, sem vann 4-0 sigur á Aston Villa í lokaleik 5. umferðar ensku úrvalsdeildarinnar í gær. Fyrir vikið hoppuðu nýliðarnir upp í 7. sætið en lærisveinar David O'Leary í Aston Villa sitja eftir í sárum í 14. sætinu.

Mörkin skoraði Harewood á 25. mínútu eftir stungusendingu Teddy Sheringham, á 29. mínútu eftir horn og skallasendingu Anton Ferdinand og á 50. mínútu eftir aukaspyrnu og mistök Thomas Sørensen í marki Villa. Það var síðan Ísraelsmaðurinn Yossi Benayoun sem skoraði fjórða markið undir lokin eftir glæsilegt einstaklingsframtak.



**ÞRENNA Í LAGI** Marlon Harewood var í stuði og skoraði 3 mörk fyrir West Ham í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Hinn 39 ára gamli Teddy Sheringham átti stórleik og var að flestra mati besti maður vallarins í þessum leik. **- óój**


HALLÓ REYKJAVÍK!

FOREX hefur opnað útibú á Íslandi! Við erum stærsta fyrirtækið í almennum gjaldeyrisviðskiptum á Norðurlöndum, með 72 vel staðsett útibú í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Finnlandi.

Við höfum stundað gjaldeyrisviðskipti í yfir 40 ár - við kunnum á gjaldeyrinn!

- 70 gjaldeyristegundir á lager
- Samkeppnishæft gengi og góður opnunartími
- Það kostar ekkert aukalega að kaupa af okkur erlendan gjaldeyri og ef þú geymir FOREX-kvittunina þína geturðu skipt aftur til baka ókeypis
- Sendu peninga um víða veröld á aðeins 10 mínútum! Við sjáum um peningasendingar með MoneyGram og FOREX Transfer

**Verið hjartanlega velkomin til FOREX í Bankastræti 2, Reykjavík**
**Opnunartímar: mán-fös 10-18, lau 10-16 og sun 10-14**

Þú getur líka hringt í okkur í síma 551 7755 og lagt inn pöntun og við höfum gjaldeyrinn tilbúinn fyrir þig þegar þér hentar

FOREX
MORE MONEY FOR YOUR MONEY

## ÚR SPORTINU

**Diego Forlan**, framherji Villarreal, ætlar sér að skora gegn sínum gömlu félögum í Manchester United en hann var seldur frá félaginu á síðustu leiktíð. **Forlan** var markahæsti leikmaður í spænsku deildarkeppninni á síðustu leiktíð með 25 mörk og lögðu þau grunninn að því að Villarreal komst í Meistaradeild Evrópu. „Ég hef beðið eftir þessum leik lengi og ég ætla mér að sýna hvað ég get. Ég var ánægður hjá Manchester en það varð pirrandi með tímanum að fá ekki að spila. Það var líka rétt hjá mér að fara til Villarreal því þar fékk ég tækifæri til þess að sanna mig og ég náði að skora mikið af mörkum. Ég ber mikla virðingu fyrir **Alex Ferguson** því hann er góður knattspyrnustjóri sem hvatti mig ávallt til dáða.“



Helsta stjarna Real Betis, **Joaquin**, hefur nú neitað þeim orðrómi að hann sé á leið til Liverpool. „Ég hef aldrei sagt að ég vilji fara frá Real Betis. Liverpool er vissulega áhugavert félag og ég væri auðvitað til í að spila á Anfield Road.“ **Joaquin** sagðist enn fremur ekki vera að hugsa um að fara frá Real Betis þar sem hann væri ánægður þar. „Ég held að flest félög í Evrópu viti hvað ég hef fram að færa á knattspyrnuvellinum. En það þýðir ekki að ég vilji fara. Peningar skipta mig ekki máli og ef þeir væru mér mikilvægastir hefði ég farið til Chelsea í fyrra. En í vetur fæ ég tækifæri til þess að spila á Anfield Road og Stamford Bridge, sem eru stórkostlegir leikvangar.“



Hollenski markahrókurinn **Roy Makaay** verður að öllum líkindum með Bayern München þegar liðið mætir Rapid Vín frá Austurríki í fyrstu umferð Meistaradeildar Evrópu í kvöld. **Makaay** hefur verið frá vegna meiðsla í um vikutíma en hefur náð sér fljótt og verður tilbúinn í slaginn í kvöld. **Felix Magath**, knattspyrnustjóri Bayern München, segir **Makaay** hafa verið ótrúlega fljótan að ná sér af meiðslunum. „Hann æfði vel á sunnudaginn og þá sá ég að hann var á góðri leið með að hrista af sér þessi alvarlegu meiðsli.“ **Makaay** er í góðu líkamlegu formi og verður vonandi okkar aðalmarkaskorari í vetur.“



Austurríska handknattleiksliðið Bregenz er komið í Meistaradeild Evrópu eftir tvo góða sigra á Vojvodina Novi Sad frá Serbíu. **Dagur Sigurðsson** lék vel í leikjunum báðum og skoraði töluvert af mörkum, en hann hefur ekki alltaf spilað stórt hlutverk í sóknarleiknum hjá liðinu eftir að hann tók við sem spilandi þjálfari. **Dagur** skoraði sjö mörk í fyrri leiknum, sem endaði 31-29 Bregenz í hag, og síðan átta mörk í seinni leiknum sem fór 35-25. Bregenz vann því viðureignirnar 66-54 samanlagt og verður í eldlínunni í Meistaradeild Evrópu í vetur en Dagur hefur unnið marga góða sigra með þetta austurríska lið og þessi árangur er enn ein skrautfjöðrin í hatt Dags.



Handknattleiksmaðurinn **Ragnar Hjaltested** fótbrotnaði illa um helgina og verður frá æfingum og keppni næstu mánuði. Þetta er mikið áfall fyrir lið Víkings/Fjölnis en hann er einn af lykilmönnum liðsins. **Ragnar**, sem var í eldlínunni með U-21 landsliði Íslands í Ungverjalandi fyrir skömmu, braut á sér sköflunginn og skaddaði liðbönd að auki. Sjö leikmenn hafa horfið á braut frá Víkingum frá síðustu leiktíð og verður róðurinn því örugglega þungur hjá Víkingi/Fjölni í vetur en handboltaspekingar höfðu fyrir ekki spáð þeim neinu sérstöku gengi í DHL-deildinni.

Landsbankinn heldur áfram að styrkja knattspyrnuna á Íslandi:

# Breytinga að vænta á skipulaginu

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon, formaður KSÍ, segir að breytinga sé senn að vænta á skipulagi efstu deildar karla í knattspyrnu. Sérstök nefnd sé nú að störfum sem meti hvort og hvenær eigi að fjölga liðum í deildinni.

„Þetta er ekki spurning um hvort heldur hvenær félögum verði fjölgað í deildinni,“ sagði Eggert í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann undirritaði ásamt fulltrúum Landsbankans, þeim Björgólfi Guðmundssyni, formanni bankaráðs, og Sigurjóni Árnasyni bankastjóra samkomulag þess efnis að Landsbankinn verði áfram bakhjarl efstu deildar karla og kvenna til ársins 2009.



**STARFA ÁFRAM SAMAN** Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, og Eggert Magnússon, formaður KSÍ, skrifuðu undir nýjan samstarfssamning í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Deildirnar munu því áfram bera nafn bankans.

„Það er mjög stutt í að tekin verður endanleg ákvörðun um þetta,“ sagði Eggert.

- esá

Eyjólfur Héðinsson meiddur:

# Enn eitt krossbandið slitið?

**FÓTBOLTI** Fylkismaðurinn Eyjólfur Héðinsson verður ekki með Fylki í síðasta leik tímabilsins en hann var einnig fjarverandi þegar Fylkir vann FH um helgina. Eyjólfur meiddist í leik með ungmennaliði Íslands gegn Króatíu fyrir skömmu og er óttast að hann hafi slitið krossband, eins og svo margir liðsfélaga hans á undanförnum tveimur árum.

„Ég held að ég hafi ekki slitið krossbandið. Ég fer í skoðun á fimmtudag og þá kemur þetta í ljós en ég held að það sé frekar spurning um hvort liðþófinn hafi eitthvað skaddast,“ sagði Eyjólfur í gær.

- esá



Alltaf hagstætt

ÓB

ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is


## STUÐ MILLI STRÍÐA
### Hvert stefnir skemmtanalíf Reykjavíkurborgar?

**DRÍFA SIGURÐARDÓTTIR** ER LÍTIÐ FYRIR AÐ FARA ÚT Á LÍFIÐ.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég er hætt að nenna að fara út að skemmta mér um helgar. Mér finnst ég næstum því orðin of gömul fyrir það, þó ég sé ekki nema 25 ára. Það er orðið eitthvað svo lítið spennandi að kíkja á djammið í Reykjavík. Ég tilheyri þeim minnihlutahópi djammara sem hvorki drekkur né reykir en það finnst greinilega fáum hér á landi mikið varið í það að skemmta sér edrú. Ég finn hvað ég er leiðinlega meðvituð um allt og alla og næ ekki að losa um beislið. Skemmtanalíf Reykjavíkurborgar hefur misst allan glans að mínu mati. Það er einsleitt og klassalaust. Til að mynda hef ég tekið eftir því erlendis að þar fara pör saman út að borða og út að skemmta sér á glæsilega klúbba. Það sama má segja um þá einhleypu. Þar sést varla á fólki að það hafi verið að drekka vín. Hér virðist enginn maður með mönnum nema hann sé haugafullur niðri í bæ með hávaða og læti.

Ég passa ekki inn í þennan ramma og hef aldrei gert það. Subbuskapurinn niðri í miðbæ Reykjavíkur hefur líka alltaf farið í taugarnar á mér. Ungar konur með maskara niður á kinnar sitja á tröppum Nonnabita og háma í sig heita samloku innan um ælupolla og áfengisdauða kalla. Hljómar viðbjóðslega en þetta hef ég séð oftar en einu sinni. Hef hins vegar aldrei séð hluti af þessu tagi erlendis. Af hverju þurfa allir hreinlega að missa vitið þegar þeir fara út að skemmta sér? Skil það bara ekki. Vonandi fer þetta að breytast. Trúi því ekki að þetta eigi alltaf eftir að vera svona. Ég vil fá að sjá klassa. Það er vel hægt að skemmta sér án þess að missa sig gjörsamlega í víni og veseni. Ég er alveg handviss um það. ■


TÖLVUNÁM FYRIR BYRJENDUR

*Þetta námskeið hentar vel þeim sem hafa enga eða mjög litla tölvuþekkingu.*

60 tunda hagnýtt og kemmtilegt tölvunám keið em er niðið að þörfum byrjenda. Farið af mikilli þolinmæði yfir nám efnið, em er allt á í len ku. Kennt er á þau forrit em me t eru notuð þ.e. Window , Word, Excel, Internetið og Tölvupó t.

- **Flest st ttarf lög styrkja f lagsmenn til náms hjá NTV. Ertu búinn að kanna þinn r tté**

- **Kvölán mskeið**
  Mán. og mið. 18 - 22
  Frá 19. sept. til 19. okt.
- **Morgunn mskeið**
  Mán - mið - fös 8:30 - 12:30
  Frá 19. sep. til 10. okt.

ntv.is

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS


## SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 5 | 1 | 8 | 7 | 4 | 2 | 9 |
| 1 | 8 | 7 | 2 | 9 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 6 | 5 | 1 | 7 | 8 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 3 | 2 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 3 | 1 | 6 | 5 | 9 | 8 | 4 | 2 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 1 | 8 | 3 | 5 | 6 |
| 2 | 7 | 9 | 8 | 4 | 1 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 8 | 5 | 2 | 3 | 9 | 1 | 7 |
| 5 | 1 | 3 | 9 | 7 | 6 | 2 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | | 5 | | | | | 8 |
| | | 8 | 2 | | 6 | | 7 | |
| | 7 | 3 | 9 | | | 1 | | |
| 8 | | | | 9 | | 7 | 4 | 3 |
| | | | 7 | | 1 | | | |
| 7 | 5 | 6 | | 8 | | | | 9 |
| | | 5 | | | 4 | 9 | 3 | |
| | 6 | | 3 | | 2 | 5 | | |
| 4 | | | | | 9 | | 2 | 1 |

su|do|ku

© Puzzles by Pappocom

## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott



# LCD OG PLASMA TILBOÐ




ÖRÞUNNT LCD




**JVC** LT32A60

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i), fullkomnum litstýringum (Gamma Curve og Dyn. Black Level), 20w Nicam Stereó hljóðkerfi, fullkomnu textavarpi, 2 Scart tengjum, SVHS, RCA og heyrnartólstengi, Component (Y, Pr, Pb) og PC tengi (VGA), borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 199.990**

FULLT VERÐ kr. 229.990

---




ÖRÞUNNT LCD

**UNITED** LTV15L50 12v/220v

15" LCD Sjónvarp með móttakara, 1024x768 punkta upplausn, 400:1 skerpu, Comb filter, Noise Reduction, 8w stereó hljóðkerfi, textavarp með 125 síðna minni, Scart (með RGB), SVHS og RCA tengi, PC-inngangi (VGA), tengi fyrir heyrnatól, tónjafnara, svefnrofa, vekjara, borðstandi og fjarstýringu. 12 og 220V.

**TILBOÐ 39.990**

FULLT VERÐ kr. 49.990




**UNITED** LTV20L50

20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m2, stereó hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heyrnartól út, PC-inn, textavarpi, borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 59.990**

FULLT VERÐ kr. 89.990




**UNITED** LTV32

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) upplausn og Progressive Scan, HDTV Ready (styður 720p og 1080i), 800:1 skerpu og 550 cd/m2 birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsviði, 2x10w hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengi, Component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA), AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd (2 Tunerar), textavarpi og fjarstýringu.

ÖRÞUNNT LCD

**TILBOÐ 139.990**

FULLT VERÐ kr. 149.990

---




**PHILIPS** 32PF4320

32" High Definition LCD SJÓNVARP með móttakara, 1366x768 (VGA, SVGA, WXGA) upplausn, 3D Comb Filter og Digital Crystal Clear, ljósskynjara og Active Control til að minnka glampa, 2 x 30w Virtual dolby Surround, 6 breiðtjaldsstillingum, 2 Scart tengjum og SVHS, íslensku textavarpi og borðstandi.

**TILBOÐ 169.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990

ÖRÞUNNT LCD




**JVC** LT32C31S

32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með D.I.S.T myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 1280x768 punkta upplausn, styður HDTV, fullkomnar litstýringar, textavarp, tvískiptur skjá möguleiki, 20w RMS, BBE Nicam stereó hljóðkerfi, 3D Sound með Active Hyper Bass, 2 Scart, Component og SVHS tengi, RCA og heynartólstengi, T-V Link og borðstandi.

**TILBOÐ 229.990**

FULLT VERÐ kr. 299.990




**UNITED** PTV42

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

ÖRÞUNNT PLASMA

**TILBOÐ 179.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990

WWW.HUGVERKA.IS

Alltaf gæði og góð kaup!

1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Þristur, Ísafirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.




# Framúrskarandi plata

**[ TÓNLIST ]**

UMFJÖLLUN

Eftir hina frábæru plötu Ágætis byrjun var síðasta plata Sigur Rósar, ( ), nokkur vonbrigði. Fyrri hluti hennar var reyndar ákaflega ferskur og skemmtilegur en einhver þreytumerki var að finna á þeim síðari.

Meðlimir sveitarinnar hafa sagt að þeir hafi verið orðnir leiðir á lögunum þegar upptökurnar hófust eftir að hafa spilað þau mikið á tónleikum og það sé helsta skýringin fyrir neistaleysinu. Á fjórðu hljóðversplötu Sigur Rósar, Takk, er aftur á móti engum slíkum daufleika fyrir að fara, heldur er spilagleðin alls staðar ríkjandi. Þar undirstrikar sveitin svo ekki verður um villst að þar er á ferðinni langbesta hljómsveit Íslands og þótt víðar væri leitað.

Eftir rólegheitabyrjun fer platan af stað með smáskífulaginu Glósóli, rólegu og fallegu lagi með mögnuðum lokakafla. Næsta lag, Hoppípolla, er mun léttara og í raun eitt allra besta lag plötunnar. Píanóundirspilið er undurfagurt og minnir nokkuð á bestu spretti Ágætis byrjunar, enda unnið út frá laginu Viðrar vel til loftárása.

Með blóðnasir, sem er nokkurs konar framhald á Hoppípolla, er einnig prýðilegt, rétt eins og Sé lest. Afar fallegt lag þar sem skemmtilegur lúðrasveitarkafli kemur við sögu. Mílanó er mjög flott lag með fallegu píanóspili og yfir öllu syngur Jónsi eins og engill. Enn sýnir Jónsi mátt sinn í hinu sérdeildis öfluga Andvara, þar sem hann hljómar eins og kórdrengur með sína kristaltæru rödd.

Svo hljótt byrjar rólega og magnast eftir því sem á líður, eins og Sigur Rós er þekkt fyrir, og er það kannski eitt af fyrirsjáanlegustu lögum plötunnar. Engu að síður mjög gott lag. Heysátan er síðan fallegur lokahnykkur á framúrskarandi góðri plötu.

Takk hefur varla veikan blett og jafnast svo sannarlega á við Ágætis byrjun. Sigur Rós er enn að þróast sem hljómsveit og ljóst að engin hugmyndaþurrð er að plaga liðsmenn sveitarinnar. Einlægnin og dugnaðurinn hefur skilað þeim upp í hæstu hæðir, þar sem þeir verða væntanlega um ókomna tíð. Ekki má gleyma umslagi plötunnar, sem er algjört listaverk út af fyrir sig. Lýsir það vel hversu skapandi og sérstök hljómsveit Sigur Rós er og hefur verið.

**Freyr Bjarnason**




**SIGUR RÓS:**

TAKK

**NIÐURSTAÐA:** Takk hefur varla veikan blett og jafnast svo sannarlega á við Ágætis byrjun. Einlægnin og dugnaðurinn hafa skilað Sigur Rós upp í hæstu hæðir, þar sem sveitin verður væntanlega um ókomna tíð.

# Boltahommum vel tekið í Toronto

Kvikmyndin *Strákarnir okkar* var frumsýnd í Paramount-kvikmyndahúsinu í Toronto fyrir fullum sal áhorfenda á sunnudag. Júlíus Kemp, framleiðandi myndarinnar, segir áhorfendur hafa tekið henni vel og í gær birtust fyrstu dómar um myndina í Kanadískum fjölmiðlum. Júlíus segir gagnrýnendur hafa verið jákvæða í garð myndarinnar og hann á von á því að Screen International og Variety birti dóma sína um myndina í dag.

*Strákarnir okkar* fjallar um Óttar Þór, aðalstjörnu KR-inga, sem veldur miklu írafári þegar hann játar fyrir félögum sínum á miðju leiktímabili að hann sé hommi. Í framhaldinu leggur hann í leiðangur til þess að finna sjálfan sig og gengur til liðs við áhugamannafélag manna í svipaðri stöðu; homma sem vilja spila fótbolta í veröld þar sem allt snýst um karlmennsku og testósterón.

Myndin var tekin upp í Reykjavík og nágrenni síðastliðið sumar og með helstu hlutverk fara Björn Hlynur Haraldsson, Helgi Björnsson, Sigurður Skúlason, Lilja Nótt og Arnmundur Ernst.

Strákarnir okkar er sýnd í Háskólabíói og Sambíóunum í Reykjavík og Akureyri. ■



MYND/JÓN GÚSTAFSSON

**AÐSTANDENDUR STRÁKANNA** Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar, Júlíus Kemp, Róbert Douglas leikstjóri, Ingvar Þórðarson og Pierre Menahem frá SCALPEL, frönskum dreifingaraðila myndarinnar.





**HJÁLPARSVEITIN** Starfsemi björgunarsveita er fjölbreytt og nú gefst áhugasömum tækifæri til að kynna sér það betur.

# Kynning hjá Hjálparsveitum

Hjálparsveitir landsins halda svokallaðar nýliðakynningar einu sinni á ári en þá er starfsemi sveitanna kynnt fyrir þeim sem hafa áhuga á útivist af einhverju tagi. Námskeiðið tekur um það bil átján mánuði og yfirleitt er hist einu sinni í viku og svo aðra hverja helgi í það mesta.

Fólk fær að taka virkan þátt í námskeiðum og æfingum með hjáparsveitunum og er lágmarksaldur átján ár en efri mörk eru ekki tiltekin. Stefán Páll Magnússon, meðlimur í Hjálparsveit skáta, segir það kost þegar aldurshópurinn er blandaður. „Það er æskilegt að fá fólk í Hjálparsveitina með ólíkan bakgrunn og reynslu þannig að við hvetjum fólk af báðum kynjum til að kynna sér starf okkar.“ Fyrsti nýliðafundurinn verður haldinn í kvöld klukkan 20 að Malarhöfða 6.

Allar frekari upplýsingar má finna á vefslóðinni www.hssr.is. ■


allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - **Frumsýning**
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
6. nóv. kl. 20 - 6. sýning - **Lokasýning**

**Kynning fyrir sýningar á Tökin hert , 2. - 6. sýning**
Kl. 19.15 – Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess í Óperunni. Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400









ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

**STÓRA SVIÐIÐ**

**VELKOMIN Í ÞJ ÐLEIKHÚSIÐ**
– Leikárið kynnt með leik, s ng og dansi. F s 16/9, lau. 17/9.
*Allir velkomnir!*

**KLAUFAR OG K NGSDÆTUR**
Sun. 18/9 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 2ö/9 kl. 14:00, sun. 2/10 kl. 14:0, sun. 9/10 kl. 14:00

**EDITH ÓIAF**
Sun. 18/9 rfá sæti laus, fim. 22/9 , f s. 23/9 nokkur sæti laus, lau. 24/9 nokkur sæti laus, fim. 29/9, f s. 30/9. *Sýningum lýkur í október.*

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ**

**RAMB 7**
F s. 16/9, lau. 17/9, fim. 22/9.
*Takmarkaður sýningafjöldi.*

